

## Djöfladýrkunarkvenfrelsun, blót, karlfórnir og sitthvað um kostakonur

### Djöfladýrkunarkvenfrelsun, blót, karlfórnir og sitthvað um kostakonur. I: Karlar sem elska konur og konur sem elska sjálfar sig

Þetta er fyrsti þáttur af fjórtán um efnið. Kvenfrelsunartrúarbrögðin eru samgróin stjórnmálunum. Þau hafa aukin heldur tekið sér bólfestu í almennri vitund fólks, rétttrúnaður orðinn, leiðarljós samskipta kynjanna, uppeldis barna, menningar og menntunar.

Kvenfrelsunartrúarbrögðin hafa alið af sér ný trúarbrögð, trúna á kynleysuna eða flotkynið. Þau hafa sett gild vísindi í uppnám, leggja drjúgan skerf af mörkum til tilburða Alþjóðaaauðvaldsins til alheimsstjórnar og þróun mannkyns til tölvumenna.

Þetta er varhugaverð þróun. Það skortir skilningsljós. Ég fer því á stúfana til að leita að ljósinu, reyni eftir föngum að bregða birtu á sögu kvenfrelsunar (feminism, emancipation of women, women's rights) aftur um aldir með hliðsjón af sögu hugmyndanna, samskipta kynjanna og samfélagsþróunarinnar.

Heimildalisti og ábendingar um lesefni fylgja síðasta þætti.

Samskipti kynjanna hafa verið mönnum hugstæð um aldir aftur. Þau voru t.d. forngrískum spekingum og skáldum umhugsunarefni. Konur hafa yfirleitt verið körlum kærar. Sama, hvert litið er í sögu mannkyns, virðist þeim hafa runnið blóðið til skyldunnar að fódra þær, vernda og elska. Það er snar þáttur karlmennskunnar.

Konur voru körlum líka viskubrunnur eins og arfsögur og goðsagnir bera með sér. Andleg afrek kvenna ullu hrifningu karlpeningsins. Á miðöldum tóku karlar að skrá afrek kvenna kerfisbundið. Verk þeirra voru undirstaða fræða og lista kvenna, þegar þær fóru í alvöru að láta ljós sitt skína á þessu sviði.

Það á t.d. við um hið merka rit ítalska rithöfundarins, Giovanni Boccaccio (1313-1375), um líf og starf rúmlega eitt hundrað merkra kvenna. Það er trúlega fyrsta rit vestrænnar menningar, helgað konum sérstaklega, og markar upphaf kvenmærðarfræða, kvennalofsþóknun og „samtala um konur“ (Quarelle des femmes).

Lofgjörðir karla um konur almennt, ásamt ævi- eða lofgjörðasögnum um einstakar (valda)konur, urðu að eigin bókmenntagrein á miðöldum fyrir tilstilli fjölda ítalskra, hollenskra, spænskra, franskra, enskra, belgískra, portúgalskra, þýskra og danskra karlhöfunda, frá fjórtándu öld og fram á vora tíma.

Þegar fyrsta skeið nútímakvenfrelsunar var um það bil að renna á enda árið 1926, skrifaði t.d. breski rithöfundurinn, Joseph Hamblen Sears (1865-1946) býsna dæmigerða bók, „Glæsikonur vorar“ (These Splendid Women). Á umgetnu tímabili fjölgaði hratt kvenrithöfundum og lærðum konum. Hér skal getið fáeinna höfunda að auki.

Ofangreint rit Boccadiccos varð Christine de Pizan (1364-1430), fransk-ítölskum rithöfundi, innblástur og heimild að bókinni, „Borgríki kvennanna“ (Le Livre de la Cite des Dames). Christine var nafntogaður rithöfundur, m.a. við nokkrar hirða Evrópu. Hún átti efnaðan maka, en varð ung ekkja. Christine naut velvildar Frakkakonungs og fleiri karlkyns velunnara. Hún var hugrakkur baráttumaður fyrir bættri menntun kvenna.

Konur fóru ekki beinlínis leynt með hrifningu sína af kyninu og sjálfum sér:

„Raunar býr sá, sem talinn er veikari, oft og tíðum yfir siðferðilegum krafti eins og þegar konur, sem eru líkamlega veikburða og hlédrægar, leggja sig fremur fram um að stuðla að friði og sneiða hjá stríði [heldur en karlar].“ Christine de Pizan (1364-1430?) Því miður hefur Christine ekki reynst sannspá um friðarástina.

„[Konan] er karlinum æðri frá náttúrunnar hendi og því [er eiginkonan] yfir karl sinn hafinn og honum æðri.“ (Modesta Pozzo (1555-1592))

„Við erum öndverðar við karla, því karlar eru öndverðir því sem gott má teljast. [Þ]eir eru svo steinblindir, að þeim er um megn að rýna í eðli okkar. Það er öðruvísi með okkur farið gagnvart þeim, af því að þeir eru svo vondir (það sæjum við jafnvel, þótt hálf sjón hefðum á öðru auganu). [H]egðun okkar tekur breytingum daglega, vegna þess, að dygðum karla hrakar á hverri klukkustundu [sem líður]. ... Þar eð Guð skóp konuna af holdi karlsins, er hún hreinna sköpunarverk heldur en hann. [Þ]að sýnir óvæfengjanlega, hversu miklu framar konur standa körlum.“ (Jane Anger (1560-1600))

„[K]onur hafa enga ástæðu til að kvarta yfir náttúrunni eða guði hennar. Því þó að þær þiggi ekki sömu gjafir og karlar, eru gjafir þeirra miklu betri. Konur eru nefnilega skör ofar en karlar í vegsemd náttúrunnar. Okkur fellur í skaut slík fegurð, lögun, drættir og fágun í framkomu, sem ásamt ómótstæðilegum og lævislegum töfrum valda því, að karlar eru nauðbeygðir til að dást að okkur, elska okkur og þrá að því marki, að fremur en vera án okkar og njóta, velja þeir að veita okkur völd sín til að fara með, fela sjálfa sig og líf sitt okkur á vald. [Þar að auki] gerast [þeir] þrælar vilja vors og unaðs. Við erum einnig englar, sem þeir dá og dýrka. Og hvers skyldum við fremur óska, en að vera harðstjórar þeirra, gyðjur og örlög?“ (Margaret Lucas Cavendish (1623-1673))

Á síðmiðöldum bættu karlithöfundar og -heimspekingar kvennalofgjörðina um betur og fóru kerfisbundið að brjóta stöðu kvenna til mergjar.

Einn þeirra var Theodor Gottlieb von Hippel (1741-1796), þýskur rithöfundur, nemandi þýska heimspekingsins, Immanuel Kant (1724-1804). Hippel nam guðfræði og lögfræði, vann afrek á síðastnefnda sviðinu, baráttumaður fyrir jafnrétti kynjanna, skrifaði m.a. ritgerðina, „Um umbætur á stöðu kvenna,“ (Über die bürgerliche Verbesserung der Weiber) árið 1792. Hann sagði þar m.a.:

„Kúgun kvenna er orsök allra handa kúgunar í veröldinni.“ Hann andmælti kröftuglega þeirri ósvinnu, að jafnrétti kvenna, helmingi þjóðarinnar, væri ekki tryggt í frönsku byltingunni og kjölfari hennar.

Fyrirgreinda bók kallar Ruth Pritchard Dawson „Kvenfrelsunarávarpið (Feminist Manifesto).“ Hún segir svo: „Bókin er byltingarkennd. Endurtúlkun [höfundar] leiðir konuna fram í dagsljósið sem fórnarlamb í samfélagi, sem er í senn ósanngjarnt og hirðulaust, báðum kynjum til vansæmdar.“

Á sama ári og bók von Hippel kom út eða 1792, lét Mary Wollstonecraft (1759-1797) í sér heyra í bókinni, „Málsvörn kvenna.“ (A Vindication of the Rights of Women). (Meira um það síðar.)

Síðla á átjándu öldinni kom fram á sjónarsviðið fjöldi karla og kvenna, sem kröfðust afnáms hjónabandsins og gagn Gerrar frelsunar kvenna.

[https://fiamengofile.substack.com/p/yes-kamala-harris-slept-with-a-powerful?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=846515&post\\_id=148057402&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://fiamengofile.substack.com/p/yes-kamala-harris-slept-with-a-powerful?utm_source=post-email-title&publication_id=846515&post_id=148057402&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

## Djöfladýrkunarkvenfrelsun, blót, karlfórnir og sitthvað um kostakonur II: Rætur kvenfrelsunar

Færa mætti rök að því, að rætur kvenfrelsunar liggi í fyrstu „litaskrúðsbyltingu“ (color revolution) sögunnar, þ.e. frönsku byltingunni árið 1789. Þar tókust í meginatriðum á borgarastétt, sem óðum óx fiskur um hrygg, og svo konungs og aðalsveldi.

Bankamenn, sem höfðu gert sig heimakomna í Frímúrarareglunni og stofnað höfðu „Ljósálfaregluna“ (Illuminati) í Þýskalandi, voru í þann mund að taka fyrstu skrefin til heimsyfirráða.

Illuminati stofnuðu Gyðingarnir, Johann Adam Weishaupt (1748-1830) og Meyer Amschel Rothschild (1744-1812), á síðari hluta 18. aldar. Meyer Amschel var stofnfaðir alþjóðlegs bankaættarveldis, sem enn er við lýði. Félagsskapurinn tók að einhverju leyti yfir reglu Frímúrara. Þetta „sambrædda“ leynifélag hinna ríku og áhrifamiklu hafði heimsbyltingu á stefnuskránni- með öllum tiltækum ráðum.

Stríð hafa verið mikilvæg fépúfa ættar Rauðskjöldunga. Meyer Amchel blandaði sér í sjálfstæðisbaráttu Bandaríkjanna eins og borgarastríðið síðar. Hann veitti konungi Bretá, George William Frederick III (1738-1820), lán til að greiða fyrir leigu á víðfrægum málaliðum Hessen, sem börðu á uppreisnargjörnum landnemunum í breskum nýlendum vestan hafs í sjálfstæðisstríðinu (1775-1783).

Lánveitingar til stríðsrekstrar voru einnig kunnar í ítalska bankaveldinu.

Napóleonsstríðin á árabílinu 1792-1815 voru sömuleiðis fjármögnuð af bankaveldinu.

Jafnframt var sótt í digra sjóði Rauðskjöldunga til að fjármagna stóra drauma þeirra um þróun veraldar og eigið ríki. Það ríki varð Ísrael. Áætlunin var vægast sagt stórkostleg. Hún var/er þessi:

Afnema allar ríkisstjórnir, afnema einkaeign og arf, uppræta þjóðerniskennd, kristni og fjölskylduna, skapa eina alheimsstjórn og koma á nýrri heimsskipan.

Ungur „kvenfrelsari“ frá Englandi, Mary Wollstonecraft (1759-1797), sótti París heim á þessum ógnarárum, þar sem svokallaðir Jakobínar (kenndir við klaustur Jakobína) kyntu undir réttmætri óánægju með konung og aðal. Þeir voru á mála hjá bankaaufvaldinu. Ætt Rauðskjöldunga (Rothschild) kom við sögu eins og hún hefur gert æ síðan.

Mary lagði drög að annars konar byltingu í Englandi, þ.e. byltingu gegn fjölskyldunni og hefðbundnum tengslum kynjanna, einkum í kynlífi. Frjálst kynlíf var mál málanna eins og í hippahreyfingunni á síðustu öld.

Í Frakklandi var Mary „ástrík“ mjög, var m.a. ástkona hina litríka stjórnámálamanns með ásjónurnar sex, Charles Maurice Duc de Talleyrand-Périgord (1754-1838). Hann tók m.a. þátt í að semja frelsisýfirlýsingu frönsku byltingarinnar og gerðist ráðgjafi Napoleons Bonaparte (1769-1821). Það var þó ekki Talleyrand, sem bjargaði henni frá frú Gilljontínu (fallöxinni, Guillotine), heldur bandarískur barnsfaðir hennar. Talleyrand var um tíma sendiherra Frakka í Lundúnum.

Mary var í senn lífslistamaður, aðgerðasinni og rithöfundur. “Árið 1792 kom út bók hennar, „Til varnar réttindum kvenna [Málsvörn kvenna],“ þar sem hún rís gegn

kenningum [Jean-Jacques] Rousseaus [1712-1778] um stöðu kvenna. Hún gerir kröfu um jafnan rétt karla og kvenna til menntunar, vinnu og þátttöku í stjórnámálum. Sömu siðgæðiskröfur séu gerðar til beggja [kynja]. Allir séu jafnir fyrir lögum og fá sömu laun fyrir sömu vinnu. Konum beri að efla andlegan þroska sinn og hætta að vera leikföng í höndum karla.“ (Ólafur Jens Pétursson. Hugmyndasaga. M&M, Rvk. 1989, bls. 177.)

Svo ritaði Mary í „Málsvörn kvenna“ (Vindication of the Rights of Women) 1792, þrem árum, eftir upphaf frönsku byltingarinnar. Hefur hún reynst sannspá?:

„Svo fremi, að karlmenn myndu af veglyndi sínu losa okkur, konur, úr læðingi, og gera sér að góðu samneyti í skynsemi í stað þræslundaðrar undirgefni af okkar hálfu, værum við athugull dætur, alúðlegri systur, tryggari eiginkonur og skyni gæddari mæður – í einu orði sagt, betri borgarar. Við myndum þá unna körlum í sannleika, vegna þess, að við myndum læra að meta okkur sjálfar að verðleikum.“ ...

„Ég hef lengi litið svo á, að sjálfstæði væri hin æðsta blessun lífsins, rót sérhverrar dyggðar. Og sjálfstæði mitt skal ég tryggja um aldur og ævi með því að stilla þörfum mínum í hóf, jafnvel þó ég þurfi að herða sultarólina (live on barren heath).“

„Það væri að æra óstöðugan að gera skil öllum tilbrigðum eymdar, ósanngirni, forsjár og sorga kvenna, sem stafar af því almenningsáliti, að þær séu fremur fæddar tilfinningaverur, heldur en skynsemisverur, og að öll völd, sem þeim falli í skaut, helgist af töfrum og vanmætti.“

Tveim árum fyrr, þ.e. 1790, gaf Mary út hefti með titlinum: „Málsvörn karla“ (A Vindication of the Rights of Men), ádeilu á írsk-breska spekinginn, rithöfundinn og stjórnámálamanninn, Edmund Burke (1730-1797). Í ádeilu hennar fólst krafa um frelsi allra manna og lýðrættindi óháð stöðu. María tók afstöðu með frönsku byltingunni.

Eftir heimkomuna frá París með barn upp á arminn, giftist Mary Wollstonecraft enska heimspekingnum og blaðamanninum, William Godwin (1756-1836), þrátt fyrir hrifningu sína af sjálfstæði. Það var þraut að vera einstæð móðir.

William er talinn faðir heimspekilegrar stjórnleysishyggju (anarchism). Ríkisstjórn taldi hann uppsprettu spillingar, sem stuðlaði að ósjálfstæði og fákænsku. Hann ól þá von í brjósti, að aukin þekking, siðgæðisþroski og innsæi, yrði til þess, að fyrirbærinu yrði kastað fyrir róða, sem og öðrum stofnunum eins og hjónabandinu. William var einnig liðtækur rithöfundur og áberandi í menningu frjálslyndra listamanna í Lundúnum um aldamótin 1800.

William og Mary áttu dótturina, Mary Godwin Wollstonecraft Shelley (1797-1851). (Svo hörmulega vildi til, að móðir hennar lést skömmu eftir fæðinguna.) Nítján ára gömul skrifaði Mary yngri dulhyggju- og hryllingssöguna, Frankenstein, árið 1818. Frankenstein er að sumu leyti fyrirmynd að mannlíkjunum eða vélmennum, sem nú eru framleidd.

Innblástur sótti Mary m.a. til afleiðinga eldgossins í Indónesíu, Tambora, sem myrkvaði stóran hluta Evrópu, Asíu og Ameríku. Þannig var ástandið, þegar Mary fór í leyfi að Genfarvatni 1816. Í för með henni var unnustinn, skáldið Percy Bysshe Shelley (1792-1822), ungabarn þeirra og stjúpsystir Mary. Claire. Sú var ólétt eftir skáldið Lord George Gordon Byron (1788-1824).

Þau voru öll innilokuð, ásamt öðrum í draugalegri höll, þar sem misklíð óx. Þarna fæddist sem sé „Frankenstein eða nútíma Prometheus“ (Frankenstein, or the Modern Prometheus). „Hvað gerist, þegar menn þykjast vera guðir“ er aðalsöguþráður bókarinnar. Prometheus var guð eldsins í fornri, grískri goðafræði, Títan. Ein goðsagnanna segir, að hann hafi fært mannkindinni tækni og þekkingu.

Alheimsefnahagsráðið (World Economic Forum) og spákonur kvenfrelsunarhreyfingarinnar ætla líka að spreyta sig á svarinu. Þar gerast menn nefnilega guðir. Hinn ungi snillingur, Mary yngri, lagði grundvöll að nýrri bókmenntagrein, þar sem dulúð og tækni hryllingur var í fyrirrúmi.

Enda þótt eldgosíð hafi skapað höfundu drungalegt umhverfi, er ekki ólíklegt, að sú menning upplausnar, dulúðar og dulspeki, sem hafði tekið bólfestu í henni og félögunum, hafi haft sín áhrif. Lundúnir voru á þessu méli miðstöð guð- og dulspeki. Skáldskaparfélaganna í draugahöllinni biðu heldur dapurleg örlög.

[https://fiamengofile.substack.com/p/yes-kamala-harris-slept-with-a-powerful?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=846515&post\\_id=148057402&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://fiamengofile.substack.com/p/yes-kamala-harris-slept-with-a-powerful?utm_source=post-email-title&publication_id=846515&post_id=148057402&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

**Djöfladýrkunarkvenfrelsun, blót, karlfórnir og sitthvað um kostakonur III: Fyrsti kvenfrelsarinn var karlmaður. Draumórajöfnuður og sæluríki kvenna**

Percy Bysshe Shelley var eitt af stóru skáldum draumóraskeiðsins (romantic) í bókmenntum, lífslistamaður og stjórnleysingi, eins og tengdafaðirinn, William, og mikill kvenfrelsari eins og tengdamóðirin, sem hann þó aldrei þekkti. Mary

Wollstonecraft lést af sýkingu, tengdum barnsförum, þegar verðandi eiginkona Percy kom í heiminn.

Percy átti í útstöðum við yfirvöld háskólans í Öxnafurðu (Oxford). Hann afneitaði guði, ástundaði frjálslegt kynlíf og aðhylltist grænkerastefnu (vegetarianism). Hann sameinaði þannig uppreisn gegn kirkjunni, Bíblíutúlkun hennar og hjónabandi, grænkerastefnu og kvenfrelsun. Þetta eru enn mikilvægir drættir í samfélagi draumóramanna.

Hugmyndafræðin hefur endurómað gegnum allar bylgjur kvenfrelsunar. Enda var Percy í uppáhaldi hjá kvenfrelsurum. Mathilde Blin (1841-1896) kallaði aðalsöguhetju hans, Cythna, „nýja kvengerð.“ Cythna átti innilegt samband við Satan. Percy boðaði einnig, að „andstyggilegur kynjamunur“ yrði þurrkaður út.

Draumórasamfélag kvenfrelsaranna (Utopia) spratt af hliðstæðri hugmyndafræði. Percy fylgdi nefnilega í fótspor enska skáldsins Thomas More (1478-1535), sem birti bók með þeim titli 1516. Í Útópíu ríkti algert trúfrelsi. Í þessu fyrirmyndarríki lögðu menn af mörkum eftir getu, en neyttu eins og þurfa þótti. Einkaeign var óþörf. Laga var varla þörf, því íbúar bjuggu að öflugum siðgæðisþroska.

Thomas byggði að nokkru leyti á kenningum forngríska heimspekingsins, Plató (428/423-348/347), um jafnrétti kynjanna. Það fjallar spekingurinn um í „Lýðveldinu“ (Republic).

Nokkrir auðjöfra iðnbyltingarinnar fengu líka innblástur frá Thomas More og aðhylltust ýmsar kenningar um draumórasamfélagið, þar sem allir lifðu við jafnræði, í sátt og samlyndi. Þeir stofnuðu jafnréttisnýlendur, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum.

Karl Marx (1818 – 1883) og Friedrich Engels (1820 – 1895) þáðu sömuleiðis innblástur frá Thomas. Þeir boðuðu hugsjónina um afnám fjölskyldunnar, opinbert uppeldi, frjálsar ástir og alræði öreiganna.

Í Rússlandi eða Ráðstjórnarríkjunum varð frjálst kynlíf kvenna ein af undirstöðum byltingarinnar. Þar fóru í fararbroddi Rosa Luxemburg (1871-1919) og Alexandra Mikhaliovna Kollontai (1872-1952).

Kynsystur sinni, Rósu, lýsir svo kvenfrelsarinn, Shari L. Thurer, sálfræðingur við háskólann í Boston, í bókinni: „Goðsögnum um móðurgjörninginn. Hvernig menningin endurskapar hina góðu móður“ (The myths of motherhood: How culture reinvents the good mother):

„[H]ún var frenja, konan með vindling í annarri hendinni og karlmann í hinni, sjálfstæð, sköruleg, nautnasjúk og lífsglöð, ung kona. Hún geislaði sjálfstæði, sem fól í sér ógn við hefðbundin kynhlutverk Viktorítímans.“

Sagnfræðingurinn, Ólafur Jens Pétursson, lýsir viðhorfum Alexöndru svo:

„Meginatriðið væri að konan öðlaðist frelsi sem kona. Samfarir karls og konu taldi hún ekki meira mál en að svala þorsta sínum og þannig vildi hún að konur litu á kynlíf.“

Byltingarmenn töldu, í samræmi við vangaveltur þýska heimspekingsins, Friedrich Engels (1820-1895), um móðurveldið, þ.e. hamingjusamlegt samneyti kynjanna og kynlíf í samfélagi án einkaeignar, að fólk gæti leyst girnd að eigin geðþóttu. Kæmi barn undir mætti eyða fóstri eða ala afkvæmið upp af ríkisvaldinu.

Það skipti engum togum, að í hinu nýja ríki kvenfrelsis og jafnaðarmennsku var fjölskyldan leyst upp með hinn rétta boðskap að leiðarljósi. En almenningur var tregur í taumi.

Milljónir kvenna í Ráðstjórnarríkjunum gáfu byltingarforkólfunum á baukinn fyrir upplausn fjölskyldunnar og þá eynd, sem í kjölfarið fór. Foringinn mikli, Joseph V. Stalín (1878-1953), sneri við blaðinu og gerði fjölskylduna að sæmdarstofnun í alræði öreiganna og efndi til samkeppni meðal mæðra um barneignir. Það varð konum metnaður að verða „byltingarmæður.“

Róttækir byltingarforingjar eða úrvalsveit öreiganna (hópur byltingarsinna, sem hafði vit fyrir öreigunum) hafði einnig talið konum trú um, að til viðbótar afnámi einkaeignarinnar og geðþóttakynlífs, væri í launavinnu frelsi þeirra fólgið. Þannig yrðu þær fjárhagslega sjálfstæðar og óháðar karlmönnum um framfærslu.

Eftir annað heimsstríð gerðu kvenfrelsarar á Vesturlöndum einnig harða atlögu að móðurgjörningnum og hjónabandinu, sem voru tvö meginkúgunartól karlanna, að þeirra sögn. Innblásturinn var einkum sóttur til verka Friedrich Engels. Í bók sinni, „Prætubók um kynin. Mátalíbúnaður kvenfrelsunarbyltingarinnar“ (The Dialectic of Sex: The Case for Feminist Revolution), segir Shulamith Firestone (1945-2012), m.a.:

„Það verður ekki gengið milli bols og höfuðs á bandormi þrælkunarinnar, nema byltingin uppræti grundvallarstofnunina, hina náttúrulegu (biological) fjölskyldu, [því] hún getur [auðveldlega] orðið gróðrarstía andlegs valds.“ En þegar þetta er ritað, hafði fjölskyldan reyndar verið endurreist í Ráðstjórnarríkjunum.

Shulamith segir enn fremur: „Lokatakmark kvenfrelsunarbyltingarinnar er ekki einvörðungu uppræting karlforréttinda eins og fyrsta kvenfrelsunarhreyfingin [fyrsta



bylgja kvenfrelsunar] barðist fyrir, heldur að þurrka út kynjamun í sjálfum sér. Mismunandi kynfæri fólks ættu ekki lengur að skipta máli í menningarlegu samhengi.“

Gervöll menningin var undir í kvenfrelsunarbyltingunni: „[K]venfrelsarar verða ekki einasta að brjóta til mergjar vestræna menningu eins og leggur sig, heldur einnig innri skipan hennar og ... jafnvel skipan náttúrunnar [sjálfrar].“

Meðgöngu kallaði Shulamith „ófágaða“ og barnsburði líkti hún við að „hægja graskeri.“ Því lá beint við að mæla með æxlun utan móðurlífs. Þar sem hjónaband eða uppeldi í umsjá tveggja gagnkynhneigðra foreldra fæli í sér innrætingu og kúgun á svipaðan hátt og konur mættu þola, þyrfti að frelsa börnin undan því oki og ala þau upp á þar til gerðum stofnunum í kynhlutlausu umhverfi. Shulamith segir t.d.:

„[B]ernskan er martröð undir handleiðslu., ... [U]mgjörð fjölskyldunnar er uppspretta kúgunar í sálarlegum, efnahagslegum og stjórnómálagum skilningi.“

Friedrich Engels studdist líka við kenningar svissneska mannfræðingsins, Johan Jakob Bachofen (1815-1887) um kvennaveldið, þ.e. hvernig samfélög hefðu áður fyrri lotið stjórn kvenna. Nefnd verk urðu síðar grundvöllurinn að kenningum kvenfrelsaranna um gyðju-, móður- og feðraveldi. Móður- og gyðjuveldið boða þeir enn í dag.

En það var Marija Gimbutas (Marija Biruté Alseikaité (1821-1994)) hinn víðkunni og mikilhæfi fornleifa- og mannfræðingur, fæddur í Vilnius í Lithaugalandi (Litháen), sem gaf gyðjuhugmyndasmiðunum byr undir báða vængi.

María var kunnur vísindamaður, m.a.fyrir gyðjurannsóknir sínar, samanteknar í bókinni „Gyðjumeningunni“ (The Civilization of the Goddess), sem út kom 1991. Fornleifar og niðurstöður tungumálarannsókna túlkaði hún á þann veg, að í Evrópu hefði ríkt gyðju-, móður- og kvenmiðuð (gynocentric, matristic) steinaldarmening, sem einkenndist af jafnræði, jöfnuði, kvenvirðingu og friðsemð. Þessi menning var, samkvæmt túlkunum hennar, upprætt af herskáum föðurveldis- eða karlveldisþjóðflokkum (androcratic, patriarcal) frá steppunum austan Svartahafs eða hinni fornu Evrópu, sem hún kallar svo.

Kenningar Maríu hafa aukið andagift smiðum gyðju- og nornatrúarbragða, þar sem dýrkaður er frjósemismáttur samlyndis- og jafnréttiskvenna í nánu sambandi við hrynjandi náttúrunnar, firrtar tortímandi og kúgandi körlum, sbr. bók Starhawk (Miriam Simos), „Vafningsdansinn: upprisa hinna fornu gyðju trúarbragða“ (The Spiral Dance. A Rebirth of the Ancient Religion of the Great Goddess). (Starhawk þessi hefur staðið að gerð heimildarmyndar um Maríu, „Tímanna tákn“ (Signs Out of time)).

Fyrstu hugleiðingar Maríu um gyðjumeninguna komu út um það leyti, sem önnur bylgja kvenfrelsunar reið yfir (á sjöunda og áttunda áratugi síðustu aldar). Kvenfrelsarar gripu hugmyndir hennar á lofti, enda hentuðu þær vel spuna þeirra um kúgun karla.

Bandaríski fornleifafræðingurinn og umsjónarmaður safns Maríu, Ernestine Elster, segir: „Það voru kvenfrelsarar, sem í hugmyndum Maríu fundu þá fræðimennsku, sem þeir vonuðu að styðja myndu hugmyndir þeirra sjálfra um, að Guð væri kona. Maríu var lyft til hæstu hæða af hópi áhugasamra kvenna og karla. Sjálf leit hún aldrei um öxl.“

Kvenyndissamfélaginu var sem sé rústað af morðóðum þjóðflokkum að austan og enn var höggvið í sama knérunn, þegar kristni var lögtekin í Rómaveldinu. En, en! Hin forna trú lifði í leyfum. Því var það, að kirkjan réðst til atlögu gegn hinni fornu gyðjutrú á fjórtánda öldinni. Uppræta skyldi hana endanlega, segja kvenfrelsararnir. En það tókst kirkjunni þó ekki. Ýmis konar djöfladýrkun, blót og fórnir, lifa enn góðu lífi.

Úr hópi frumherja fyrstu bylgju kvenfrelsunar hafði Matilda Joslyn Gage (1826-1898) hreyft hugmyndum þess efnis, að kirkjan hefði dulbúið útrýmingu stoltra, sjálfráðra og státtinna kvenna sem nornaveiðar á miðöldum. En „karlnornirnar“ fengu ekki sömu athygli.

[https://fiamengofile.substack.com/p/yes-kamala-harris-slept-with-a-powerful?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=846515&post\\_id=148057402&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://fiamengofile.substack.com/p/yes-kamala-harris-slept-with-a-powerful?utm_source=post-email-title&publication_id=846515&post_id=148057402&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

## **Djöfladýrkunarkvenfrelsun, blót, karlfórnir og sitthvað um kostakonur IV: Gyðjuveldið, móðirin og karlviðrinið**

Kvenfrelsarar á borð við Marilyn French (1929-2009), Barbara Ehrenreich (f. 1941), Gloria Steinem (f. 1934) og Deidre English (f. 1948), tóku hugmyndunum um gyðjuveldið opnum örmum.

Þessir kvenfrelsarar annarrar bylgju telja það sögulega staðreynd, að sjálfstæðar, keikar og klárar konur, hafi verið ofsóttar í gervi norna af evrópsku feðraveldi. En, en! Gyðjuveldið er ævintýri. Sömuleiðis kenningarnar um sérstaka útrýmingu klárna kvenna á miðöldum.

Bandaríski sagnfræðingurinn, Charlotte Allen (f. 1941) hefur rýnt í tilurð ofangreindra kvenfrelsunarkenninga og kvendýrkunartrúarbragða:

„[F]ræðimenn eru almennt einhuga um, að hvorki sé stafkrók að finna né fornleifafundi um fornar þjóðir, sem nokkurn tímann hafa dýrkað eina frumgerðargyðju.“ Niðurstaða rannsókna á nornaveiðum er þessi, segir Charlotte:

„Ákærðar nornir voru langt frá því að vera sjálfstæðar konur með bein í nefinu. Flestar þeirra voru fátækar og óvinsælar. Þær voru dæmigert ákærðar af almennum borgara (oft og tíðum öðrum konum), hvorki veraldlegum né kirkjulegum yfirvöldum. Satt best að segja þótti yfirvöldum nornaréttarhöldin ógeðfelld og sýknuðu rúmlega helming hinna ákærðu.“

Í bók sinni, „Goðsögnum um móðurgjörninginn. Hvernig menningin endurskapar hina góðu móður“ (The myths of motherhood: How culture reinvents the good mother), spinnur Shari L. Thurer, sálfræðingur og sálkönnuður, prófessor við háskólann í Boston, áþekkar gyðjuhugmyndir áfram:

„[F]eðraveldið, altæk [alheims]drottun karla á konum, hefur verið við lýði allar götur síðan [mæðraveldinu var tortímt].“ Konan varð fórnarlamb:

„[F]eðraveldisvaldaránið átti sér stað, áður en ritmál kom til sögunnar. Því hefur sérhvert rit öðlast merkingu (refract through the prism) í [mál]vitund karldrottunar. Því sem næst allur ritaður boðskapur fyrr og síðar, hvort heldur gefinn í skyn eða ógreinilegur (subliminal, liminal), er þrunginn skynbragði feðraveldisins. Allir [karlkyns] heimssöguritarar eru vilhallir.

Heimssagan er skrifuð af sjónarhóli sigurvegara kynjastriðsins. Og þar eð feðraveldið er allsráðandi, er tungan og ritmálið gegnsýrt, svo að er erfitt að henda reiður á því.“

Móðirin varð líka fórnarlamb: „[Þ]egar framlag þeirra til æxlunar rann upp fyrir körlum og þeir tók tögl og haldir – og höfðu þannig að mestu leyti hönd í bagga með meginstraumi mannkynssögunnar – var móðirin gerð ómennsk. Það er, annað hvort var hún hafin upp til skýjanna (þannig urðu mæður fangar eigin táknupphafningar)

eða gerðar að skynlausum skepnum (degraded) (sem litið var á sem undaneldishryssur). ... Alveg síðan karldrottunin [brast á] hefur kynferði [konunnar] verið klofið frá móðerni og líkamsstarfsemi. Blæðingar, barnsburður [og] brjóstgjöf hefur þar með verið talin ótilhlýðileg [eða klúr].“

En hvað segir Biblían? Þar er m.a. sögð sagan af ógnargrimmri móður, Söru. Mæður í fornöld voru greinilega engin lömb að leika sér við, þegar hagsmunir þeirra voru í húfi, frekar en í dag. Sara, eiginkona Abrahams, gerði elju sína, Hagar, brottræka sem og soninn Ishmael Abrahamsson.

Hagar var þjónustustúlka Söru, sem var óbyrja. Því gaf Sara Abraham stúlkuna, svo hann mætti auka kyn sitt. Sagan endurspeglar þekkta tegund ýgi mæðra, þ.e. að gera út af við eljur og afkvæmi þeirra. Það er mikilvægt fyrir vöxt og viðgang eigin ættar. Því getur fóstur- og stjúp börnum verið hætta búin eins og lýsir sér í ævintýrinu um Hans og Grétu til að mynda. Þessa háttar ýgi mæðra er einnig áberandi í fjölkvænissamfélögum.

Í grískri goðafræði birtist móðir í svipuðu ljósi. Medea var „alræmd galdranorn,“ segir Jón Gíslason í bók sinni, „Grískri goðafræði.“ Hún „var viti sínu fjær af ást til Jasons. Tilreiddi hún honum töfrasmýsl, svo að eldur fékk ekki grandað honum.“ Í viðureign við dreka „[s]væfði Medea þá með göldrum.“ Jason og Medea lögðu á flóttu. „Medea hafði og með sér ungan bróður sinn. ... brytjaði hún sveininn í sundur og kastaði líkinu lim fyrir lim í sjóinn.“

Í baráttu um yfirtöku konungsdæmis „[n]eytti Medúsa ... hatrammlegra bragða. Taldi hún dætur hins aldurnhigna konungs á að höggva föður sinn í stykki og sjóða þau í töfralegi nokkrum, er hún hafði bruggað.“

En Jason varð afhuga Medúsu og gekk að eiga Kreúsu. „Í brúðargjöf sendi Medea Kreúsu skikkju og ennishlað. Voru gripir þeir eitradir og urðu hinni ófarsælu brúði að fjörlesti. Drap Medea síðan börn þau, er hún hafði átt við Jasoni og flýði á gandreið til Aþenuborgar.“

Elizabeth Gould Davis (1910-1974), hafði eins og Shari, ýmislegt til málanna að leggja um gyðjudýrkun í bók sinni, „Úrvalskyninu“ (The First Sex). Hún segir m.a.:

“Konur eru sjálft mannkynið ... hið öfluga úrvalskyn. Karlinn er lífeðlislegur bakþanki.” ... “Fyrstu karlarnir voru stökkbrigði, viðrini, sem urðu til við tjón á erfðavísunum. [Þau] orsökuðust hugsanlega vegna sjúkdóms eða heiftarlegrar geislunar frá sólinni.”

Móðirin er Elísabetu einnig hugleikin: “Æxlunarfæri konunnar eru miklu eldri og þróaðri, heldur en [æxlunarfæri] karlsins. ... Sönnun þess, að reðurinn varð til miklu síðar í þróunarsögunni, heldur en sköp kvenna, er rakinn til ummerkja þess efnis, að karlinn sjálfur sé síðkomin stökkbreyting frá hinni upphaflegu kvenveru. Því er karlinn bara ófullkomin kona.”

Karlinn er einnig ófullkominn í þeim skilningi, að börn hans virða hann varla viðlits: “Hugmyndin um kvenvaldið hefur rækilega skotið rótum í mannlegri undirvitund. Þrátt fyrir að hafa um aldir búið við föðurrétt, líta börn sjálfkrafa á móðurina sem hið hæsta yfirvald. Barnið lítur á föður sinn sem jafningja í sömu skör settan og það sjálft. Það verður að kenna börnum að elska föður sinn, heiðra hann og virða. Það verkefni tekur móðirin venjulega að sér.”

En þrátt fyrir það þjáist karlinn af þrálátri afbrýði í garð konunnar, sem brýst út í niðurlægingu hennar:

“Í menningarsamfélögum samtímans ... tekur snípöfund og skautafbrýði á sig óræðar myndir. Óseðjandi þörf karlsins til að til að smána konuna, auðmýkja hana, meina henni um jafnrétti og gera lítið úr afrekum hennar – eru tilbrigði við meðfædda afbrýði og ótta hans [gagnvart konunni].”

En höfundur elur þá von í brjósti, að aftur muni birta til í kvenheimum: „Í nýjum vísindum tuttugustu og fyrstu aldarinnar verður kraftur andans allsráðandi á kostnað hins efnislega. Eftirspurn eftir efnislegum hæfileikum mun réna, en aukast eftir hæfileikum til huga og anda. Skynvit mun víkja fyrir yfirskilviti. Konan mun aftur sýna yfirburði á þessu sviði. Hún, sem einu sinni var dáð og dýrkuð af hinum fyrsta karli fyrir hæfileikann til að rýna í hið óræða, mun aftur verða þungamiðjan – ekki sem kynvera, heldur sem gyðja. Í hinni nýju menningu verður hún miðdepillinn.“ ...

“Feðraveldið birtist í skráðri mannkynssögu. Látum framhaldið verða gagnbyltingu mæðraveldisins. Það er einasta vonin um að mannkynið lifi af.”

Geraldine Sharp kynnir í verki sínu frá 2018, „Slóð sæðisins um aldirnar. Týndi hlekkurinn í kenningum um karlinn“ (A Trail of Semen Down Through the Ages. The Missing Link in the Theories of Male), svipaðar hugmyndir um valdarán karlkynsins og kúgun konunnar í kjölfarið:

„Í upphafi skóp hin Mikla móðir heiminn. Síðan útvegaði hún sér fylgdarsvein. Jafnræði var á með þeim. Síðan tókst honum að ríkja án hennar. Lokatakmarki allsherjardrottunarinnar [yfir konum] var náð, þegar karlinn hrifsaði til sín fæðinguna.

Karlinn áleit sig nú upphaf nýs lífs – skapara, drottara alheimsins.“ ... „Konur hafa skipað stærsta kynþátt olnbogabarna í veröldinni. Sagan greinir einungis frá helmingi mannkyns, körlum. Gagnrýninn lestur sögunnar dregur fram í dagsljósið grimmd og ofbeldi við sífelldar árásir karla á konur, allt frá barsmíðum á eiginkonum til nornaveiða, frá löskun kynfæra til morða.“

Hin mikla móðir var miðdepils alls, segir áðurnefnd Shari. Hún var móðurgyðjan, allt í öllu, almáttug, breytti um ham, fæddi börn, dó og endurfæddist. Hinir dauðlegu fylgdu fordæmi hennar. Hún var móðir allra guða og gyðja. Hún samdi reglurnar. Þó hafði hún einnig síðri hliðar, gat verið órökrétt, óraunsæ, óskipuleg og tortímandi. Þegar skoðuð er gyðjudýrkunin í Catal Hüyük (Tyrklandi) á nýsteinöld er engu líkara en gjörvallt mannlífið hafi snúist um tilbeiðslu og dýrkun gyðjunnar, sem ýmist var ólétt og frjósöm eða grönn og geislandi af fjöri.

Móðurgyðjan velur sér elskhuga til fylgilags og hefur af þeim kynferðislega nautn. „Skilaboðin eru þau, að kynlíf móður – jafnvel utan hjónabands, í blóðskömm og án æxlunartilgangs – sé gott. Það er einnig athyglisvert, að karlguð ... er [bókstaflega] fórnarlamb, einnota afæta, kynnautnarleikfang konunnar,“ segir Shari.

Hún bætir svo við: „Í augum sumra kvenfrelsara, ... jafnvel margra skynsamra fræðimanna, eru gyðjurnar í senn bæði fyrirmyndir og innblástur til andlegra iðkana og listsköpunar. ... Þeir færa rök fyrir því, að samsvörun gyðjutilbeiðslu, sáttar og samlyndis, sé [síður en svo] tilviljunarkennd, því í móðureðlinu felist friðsæld og jafnvægi, náttúra og munúð [og losti].“

Simone de Beauvoir (1908-1986) segir: „Móðirin er rótin, er greinist djúpt í iðrum alheimsins. [Hún getur] sogað upp safana; hún er uppsprettan. Þaðan gýs hið lifandi vatn, sem einnig er næringarrík mjólk.“

Móðurgyðjurnar beittu kyntöfrum sínum óspart. Svo var t.d. um hina fornu gyðju Súmera, Inanna, sem var gyðja ástar, frjósemi og vígaferla. Í verkum akkadíska (Akkar voru fornþjóð í Miðausturlöndum) skáldsins og hofgyðjunnar Enheduanna (2285-2250) rennur Inanna saman við Ishtar, hernaðargyðju Semíta (fornþjóð fyrir botni Miðjarðarhafs).

Inanna umbreyttist þannig úr alþýðlegri frjósemisgyðju Súmera (Íraka) í himnadrottningu, sem vinsælust varð meðal gyðja í hinni fornu Mesópótamíu. Faðir Enheduönnu blótaði gyðjuna til frama í stjórnámálum og sigurs á vígvöllum. Meginhof Inönnu eða Ístar var að finna í borginni, Úruk í Mesópótamíu.

Í fornaldarkviðunni um hetjuna, Gilgames, sem „er afrendur að afli, ...“ eru móðurgyðjur í mikilvægu hlutverki. „Hin mikla móðurgyðja Arúru mótaði líkamsmynd hans, hún réð hverju hann líktist, fegurstur allra manna, fullkominn.“ Gilgames þekkti gjörla tælingarmátt kvenna. Þegar fyrir veiðimanni nokkrum lá að ná tökum á „manni máttarins,“ Enkídú,“ ráðlagði Gilgames svo:

„Tak þú yndiskonuna Sjamat með úr musterinu. Hún mun sigrá manninn með eðli sínu, jafnstyrku afli hans. Fylgstu með því hvenær dýrin drekka úr vatnsbólínu og láttu hana kasta skikkjunni og afhjúpa kyn sitt.“ ... „Sjamat losaði um barminn, afhjúpaði kyn sitt og hann hreif til sín munúðsemi hennar líkt og stormur. Hún hélt ekki aftur af sér, tók honum af fullu afli.

Hún breiddi út skikkjuna og hann lagðist ofan á hana, hún sýndi frummanninum hvers kona er megnug. Hann þrumaði af losta yfir henni; sex daga og sjö nætur hélt Enkídú risi og átti mök við yndiskonuna.“ Þegar samförum þeirra var lokið, leiddi Sjamat ástmann sinn til hofsins „þar sem helgar yndiskonur stilla sér upp prýðilega og úthella munúðsemi sinni hláturmildar en lökin eru breidd á beðinn þegar kvöldar.“ Um Ístar segir m.a.: „Gakktu nærri Eannahofi, þar býr Ístar, aldrei varð nokkur maður né konungur jafningi hennar.“ (Þýðing: Stefán Steinsson.)

Móður- eða frjósemisgyðjur sambærilegar Ístar ástunduðu „helgar“ samfarir. Það sama gerðu hofgyðjurnar og konur almennt. Forngrískri sagnfræðingurinn, Herodotus (484?-420?) lýsir samfélaginu á Kýpur svo: Allar konur skulu einu sinni á ævinni mæta í musteri Venusar og hafa samræði við ókunnugan karl. Konan býður sig þeim, er fyrstur greiðir.

Gamlar fornaldargyðjur eins og hin hebreska Lillít (Lilith), drottning djöflanna, var af mörgum kvenfrelsunarhugmyndafræðingum talin fyrsti kvenfrelsarinn. Hún varð fyrirmynd að áþekktum gyðjum til forna.

Lillít var líka lega ættuð frá Súmer. Þar var hún kölluð Lilaka. Í súmersku arfsögninni um Gilgamesh er hún sögð fögur og óspjölluð mey. En tæki hún upp á því að taka sér ástmann, sá hún til þess, að sá losnaði aldrei úr greipum hennar og yrði aldrei

fullnægt. Lillít varð uppistaðan í djöfladýrkun Gyðinga, þegar á seinna Musteristímabilinu (530-70).

Í Akkadíu (Akkadia) varð Lillít að Ardat Lillith og í Grikklandi að Lamia. Sums staðar er hún gædd þeirri náttúru að ræna börnum og stela sæði karla – eins og sumar konur ástunda reyndar um þessar mundir. Hún var djöfullinn, sem misþyrmdi börnum, sem dró karla á talar og falbauð blíðu sína. Enda var körlum bannað að sofa aleinir að nóttu, samkvæmt Talmud, trúarriti Gyðinga. Annars staðar var litið á Lillít sem frumgerð hinnar sönnu konu; leiðbeindi og verndari. Hún sýndi sérstaka greiðvikni, þegar drengstaula var fórnað henni til dýrðar.

Lillit hafð gríðarlega skírskotun og öðlaðist vinsældir víða; í Persíu, Asíu, á Englandi og í Rómarveldi, þekkt í Kristni, Múhammedstrú og Gyðingdómi. Sumar arfsagnir segja hana fyrstu eiginkonu Adams í Paradís.

Kvenfrelsarar samtímans líta á Lillít sem tákn frjálsræðis kvenna og valds, sem veitir innblástur til hugmyndafræðilegra landvinninga. Túlkunin er m.a. sett fram í grein „nöfnu“ hennar, Lilly Rivlin, í Ms Magazine árið 1972. Árið 1998 kom út bók eftir Lilly, „Hvaða Lillít“ (What Lilith). Þar segir hún m.a.:

„Konur, sem nógar eru sjálfum sér við innblástur frá kvenfrelsunarhreyfingunni, hafa tekið Lillít að hjarta sér og gert að sinni eigin. Þær hafa umsnúið henni til tákns um sjálfstæði, valkosta í kynlífi og stjórnar yfir eigin örlögum.“

Þessari fornu gyðju, sem hefur gengið í endurnýjun lífdaganna hjá kvenfrelsurum, er sýndur margvíslegur sómi. T.d. ber gyðinglegt kvenfrelsunartímarit nafn hennar.

Í tímarit þetta skrifar Aviva Cantor Zuckkoff: „Hún [Lillít] geislar styrkleika, ákveðni; hún neitar að taka þátt í eigin kúgun (victimation).“

Í foröld má finna fjölda gyðja, sem gæddar voru svipuðum eiginleikum og Lillít. Aðrar voru frjósemis- og hernaðargyðjur eða gyðlur (nymph). Dæmi: ISIS í Egyptalandi, karlatortímandinn, Kali í Indlandi, Istar (Ishtar) í Mesópótamíu og hin ógleymanlega, gríska Calypso á eyjunni, Ogygia, sem hélt Odysseifi (Odyssey) í kynlífsþrælrun árum saman. Dýrkun þeirra átti að styrkja konur og efla.

Gyðju- og guðadýrkun átti sér stað í fornum blótum. Eins og minnst var á, þótti árangursríkt að fórna strákhvolpi, ef aflu skyldi vinsælda hjá Lillít. Kali má jafnvel líta á sem gyðju karlafórna. Blót af þessu tagi áttu sér t.d. stað í Grikklandi hinu forna og í landnámi Föníkumanna í Karþagó. Fræg eru t.d. blót til heiðurs Diónýsos (Dionysus) – öðru nafni Bakkus (Bacchus).



Frjósemisguðirnir voru fylgjuþing í þjónustu frumjarðargyðjunnar, Miklu móður. Blótin, þeim til dýrðar, voru algeng um allan hinn forna heim og fram undir okkar daga. Dionýsos (Dionysus) var guð jarðargróða, víns, nauta, glaðværðar, brjálæðis og taumleysis. Hann er sýndur umvafinn blótkonum, aðdáendum, villimeyjum, ýmist í gervi eldri skeggjaðs karls eða kvenlegs, síðhærðs unglings. Samkvæmt arf- og goðsögnum átti hann sér hliðstæðu í Egyptalandi (Osiris) og Ítalíu (Liber). Á rómverskri styttnu er hann tilhöggvinn sem tvíkynjungur.

Víða voru haldin frjósemisblót og teiti, þar sem konur voru við stjórnvölinn. Dísablót eru þekkt úr norrænni menningu. Völsinn kemur þar mjög við sögu. Í gríska „haloa“ frjósemisgildinu dönsuðu konur t.d. kringum völsatákn. Það var svallað í víni og kynlífi og hold fórnardýrsins etið. Það eru til frásagnir af hliðstæðum blótum til dýrðar guðinum, Dionýsos, þar sem konurnar fórnðu karlmönnum. En um það ber heimildum ekki saman, en hliðstæðu er að finna í afrískum kvenveldum, þar sem elskhugum drottningar var fargað, að kynsvalli loknu.

[https://fiamengofile.substack.com/p/yes-kamala-harris-slept-with-a-powerful?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=846515&post\\_id=148057402&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://fiamengofile.substack.com/p/yes-kamala-harris-slept-with-a-powerful?utm_source=post-email-title&publication_id=846515&post_id=148057402&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

### **Djöfladýrkunarkvenfrelsun, blót, karlfórnir og sitthvað um kostakonur V: Nýja konan, alsælusamfélagið, samstjórn auðkýfinga og ríkisvalds**

Það alsælufyrirkomulag, sem Karl Heinrich Marx (1818-1883) og Friedrich Engels (1820-1895), sáu í hillungum, og lýst var í Kommúnistaávarpinu, var í sjálfu sér þekkt hugmyndafræði frá síðmiðöldum, sbr. jafnaðardraumórasamfélög auðkýfinganna, Claude-Henri de Rouvroy Comte de Saint-Simon (1760-1825), Robert Owen (1771-1858) og Francois-Marie-Charles Fourier (1772-1837).

En kvenfrelsarinn, Claire Démar (1799?-1833), er sérstaklega eftirtektarverður í þessari sögu. Í hugskoti Claire fæddist hugtakið, „Hin nýja kona.“ Claire var huliðskona að uppruna. Ævi hennar er lítt þekkt. Trúlega var Claire af þýskum ættum, framdi sjálfsmorð ásamt elskhuga sínum.

Claire var virkur þátttakandi í þeirri kvenfrelsunarhreyfingu, sem kölluð var „Hin nýja kona.“ Hreyfingin spratt upp úr samtökum draumórajafnaðarmanna, kenndum við

Henri de Saint-Simon (1760-1825). Þar var „frelsun holdsins“ á dagskrá, þ.e. réttur fólks af báðum kynjum til frjálsræðis í kynlífi.

Claire sagði m.a.: „Þegar konan ... frelsast undan því oki, sem yfirráð karla og vernd felur í sér; þegar hún vinnur sjálf fyrir launum sínum og sér sjálfri sér farborða; þegar karlinn hættir að greiða fyrir líkama hennar; þá munu hæfileikar og starf ákvarða tilveru og stöðu.“ Claire endurlífgaði hugmynd forngríska heimspekingsins, Plato, um samfélagslegt uppeldi barna, „félagsmóðurina.“

Claire skrifaði um aldarfjórðungi, áður en Kvenfrelsunaryfirlýsingin var samin í Senca Falls 1848.

Í hinni „Nýju konu“ raungerðist aðalsöguhetjan, Sithna (Cythna), úr verki Percy Shelly, „Byltingu Múhammedstrúarmanna“ (Revolt of Islam) frá 1818. Sithna var nú orðin fyrirmynd hinnar frjálsu konu; ógift, barnlaus, djöfulholl og stundaði frjálst kynlíf. Percy er ýmist kallaður faðir eða afi kvenfrelsunar.

Í þessu sambandi og með tilliti til þróunar fasisma, nasisma og tækniauðræðis á líðandi stundu, mætti til skilningsauka nefna verkalyðshyggju Georges Eugène Sorel (1847-1922). Hann var franskur heimspekingur og verkfræðingur, sem boðaði eignarhald verklyðsfélaga á atvinnutækjunum (syndicalism). Hann var einlægur aðdáandi fasisma Benito Mussolini (1883-1945).

En það var einmitt Benito sem beitti sér fyrir „samvinnuríkisvaldinu“ (corporate state), þ.e. samvinnu fyrirtækja og stjórnámálanna. Það er grundvallarhugmyndafræði þjóðernisjafnaðarstefnunnar (nationalsozialismus), ríkisauðvaldsstefnunnar (state capitalism) og samstjórnar- eða samrunastefnu auðdrottna og ríkisvalds (private – public partnership), sem Alheimsefnahagsráðið rær nú að öllum árum.

Fyrrgreindir hugsjónamenn reyndu að láta samfélagsdrauma sína rætast, en án árangurs. Karl og Friedrich leituðu skýringa og gripu í því skyni til framvindukenninga um mannsandann, sem runnar voru undan rifjum þýska heimspekingsins, Georg Wilhelm Friedrich Hegel (1770-1831). Sá mikli hugsuður taldi menningu heimsins hafa náð hæstum hæðum, þegar hann barði augum franska keisarann, Napoleon Bonaparte (1769-1821), ríða inn í Jena á glæstum, hvítum stóðhesti.

Karl og Friedrich litu hins vegar svo á, að hreyfiafl sögunnar væri framleiðsluhættirnar og eignarhaldið á framleiðslu- eða atvinnutækjunum. Þeir töldu, að innbyggðar andstæður í auðvaldsskipulaginu (capitalism) myndu sjálfkrafa verða því að fjörtjóni í fyllingu tímans, á æðsta stigi þess. Það hefur enn ekki átt sér stað, því kattgreiðendur

koma því endurtekið til bjargar fyrir atbeina lýðræðislegra stjórnvalda. Auður og auðlindir færast sífellt yfir á færri hendur.

Rússneskir byltingarmenn um þarsíðustu aldamót, gerðir út af Alþjóðaaauðvaldinu, einkum á Wall Street, sáu vitanlega í hendi sér, að slík skilyrði væru ekki til staðar í Rússlandi. Í ljósi þessa má skilja velvilja gagnvart iðnjöfrum og fjármagnseigendum Vesturlanda og fyrirgreiðslu þeirra, sjálfra byltingareigendanna. Í raun rétttri má líta á þetta fyrirkomulag, þ.e. þegar úrval öreiganna stjórnar atvinnulífinu með hjálp fjármagnseigenda, sem nokkurs konar „sameignarfélag“ (corporate socialism).

Fyrirgreint fyrirkomulag hefur eins og drepið var á, gengið í endurnýjun lífdaganna undir heitinu samruna- eða samstjórn hins opinbera og einkageirans (private-public ownership/partnership), sem auðkýfingar Vesturlanda, Sameinuðu þjóðirnar og Alheimsefnahagsráðið (World Economic Forum) hafa tileinkað sér í ríkum mæli.

Það má t.d. sjá við framleiðslu hergagna, lyfja og bóluafna sem og stefnumótunar í kynja-, heilbrigðis- og umhverfismálum, kven- og kynfrelsuninni, veiruvitfirringunni og Grænu geggjuninni.

Sameinuðu þjóðirnar eru að miklu leyti á valdi Alþjóðaaauðvaldsins í raun, enda á sér stað nán, samningsbundin samvinna við Alheimsefnahagsráðið, sem er eins konar framkvæmdaráð Alþjóðaaauðvaldsins.

Hvað kven- og kynfrelsun varðar boðar Alheimsefnahagsráðið sömu stefnu og Sameinuðu þjóðirnar, frjálst kyn og frjálsar ástir – meira að segja með börnum - í öreigasamfélagi undir stjórn úrvalsins (avant garde), þ.e. auðjöfranna.

Í kenningum rússneska byltingarmannsins Vladimir Lenín (1870-1924) má einnig finna þennan úrvalshóp, en hann átti að koma úr röðum öreiganna sjálfra.

[https://fiamengofile.substack.com/p/yes-kamala-harris-slept-with-a-powerful?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=846515&post\\_id=148057402&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://fiamengofile.substack.com/p/yes-kamala-harris-slept-with-a-powerful?utm_source=post-email-title&publication_id=846515&post_id=148057402&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

## **Djöfladýrkunarkvenfrelsun, blót, karlfórnir og sitthvað um kostakonur VI: Dulspekin djöflarnir og Kvennabíblían**

Gefum aftur gaum kvenfrelsun í kristinni trú. Andófshreyfingin eða kvenfrelsunarhreyfingin, sótti sterkan innblástur í túlkun John Milton (1608-1674) á

gömlu arfsöginni um Adam og Evu, Paradísarmissi. (Ljóðið er þýtt af Jóni Þorlákssyni (1744-1819) frá Bægisá.)

Hin nýja túlkun var á þá leið, að Eva hefði haft hugrekki til að eta fyrst af skilningstrénu og gert eins konar bandalag við djöfulinn (Satan, Lúsifer), sem birtist skötuþjúunum, henni og Adam, í líki snáks. Því væru konur bæði áræðnari og viturri en karlar og ættu alls ekki að láta þá kúga sig. Og Adam væri alls engin hetja eins og Milton vildi vera láta. Þetta var síðar útlagt sem svo, að karlinn væri ófullkomin kona.

Þetta átti ekki síst við um hreyfinguna í Bandaríkjunum. Elizabeth Cady Stanton fór fyrir hópi kvenfrelsara vestan hafs og austan, sem endursamdi Bíblíuna. Hópurinn lét sig ekki muna um að gefa út Kvinnabíblíu. Konurnar sömdu uppreisnarfrásögn um hetjuna Evu og Satan. Hann var nú talinn vera fallinn engill. Djöfullinn varð kvenhollur spekingur og leiðbeinandi kvenna. Þannig umbreyttist djöfullinn í besta vin kvenfrelsaranna. Hann varð líka skilningsengill byltingarmanna eins og Mikhail Bakunin (1814-1876).

Þessi túlkun endurspeglar sömuleiðis í andatrú og guðspeki (theosophy) Helena Petrovna (Hahn von Rottenstern) Blavatsky/Elena Petrowna Blavatskaja (1831-1891). Móðir hennar, Ylena Andrejewna von Fadejew Hahn von Rotternstern (1814-1842), var kunnur kvenfrelsari og rithöfundur í Rússlandi.

Helena giftist sautján ára gömul rússneskum herforingja, en leiðir þeirra skildu fáeinum mánuðum síðar. Sumir hafa talið, að um væri að kenna afbrigðileika kynfæra eða kynhneigðar hennar. „Það er ekkert kvenkyns í mér,“ skrifaði hún og kallaði sig Jack. Gyðjur voru Helenu hugleiknar sem uppsprettur visku. Helena skrifaði m.a. um egypsku gyðjuna, ISIS. Helen átti síðustu árin í Lundúnum.

Helena hafði gríðarleg áhrif á kvenfrelsunarhreyfinguna, m.a. í tímariti sínu, „Djöflinum“ (Lucifer). Þar komu m.a. fram hugmyndir um „flotkynið,“ þ.e. sú kenning, að fólk gæti verið ýmist karlar eða konur, „guðlegt tvíkyn“ (divine hermaphrodite). Susan Elizabeth Gay (1845-1918) var t.d. talsmaður slíkra hugmynda.

Árið 1897 var tilgangi ritsins svo lýst: Að „halda að konum, mæðrum og verðandi mæðrum mannkyns, guðspjallinu (gospel) um vansæld. Konur hafa ekki gert sér grein fyrir, að þær séu þrælur - sofandi fyrir eigin niðurlæginu sem mannverur.“

Per Faxeld segir í frábrigðagóðri bók sinni, „Djöfulleg kvenfrelsun“ (Satanic feminism): „Í guðspeki gætti rófs framsækinnna (progressive) viðfangsefna eins og kvenfrelsunar,

jafnaðarhyggju (socialism), grænkerahyggju (vegetarianism), andheimsveldisstefnu og andófi gegn stríði.“

Helena var í slagtogi við Elizabeth Cady Stanton, sem hélt sína eigin miðilsfundi. Í guðspekifélagi Helenu var fleiri kvenfrelsara að finna eins og Henrietta Müller (1845-1906) og Florence Fenwick Miller (1854-1935), ritstjóra kvenfrelsunartímaritsins, „Kvennakveikjunnar“ (The Women's Signal).

Matilda Joslyn Gage (1826-1898), bandarískur guðspekingur, „konan öðrum konum fremri,“ lét einnig að sér kveða. Frelsun konunnar var henni vitskuld hugstæð, en hún barðist einnig fyrir réttindum blakkra og frumbyggja.

Matilda Joslyn kynnti til sögu fornan djöfladýrkunarsöfnuð, sem var sérstaklega uppsigað við föðurveldið og óréttlæti þess í garð kvenna. Matilda studdist í fræðum sínum við franska djöfla- og sagnfræðinginn mikilhæfa, Jules Michelet (1798-1874). Hann gaf 1862 út bókina, „Nornina“ (La Sorcière), sem er skoðun á sögu nornarinnar.

Samkvæmt Per Faxeld var nornin í skrifum Jule dæmigerður jafnaðarmaður (socialist) með glögg auga fyrir nánu sambandi Herrans á himni og léns herranna. Í Svörtu messunni var Eva frelsuð og kvenlíkaminn heilagur ger – af konum í þágu kvenna.

Bandaríski kvenfrelsarinn, Charlotte Perkins Gilman (1860-1935) heldur sig við svipað heygarðshorn og Matilda Joslyn. Smásaga hennar frá árinu 1910 heitir „Þegar ég var norn“ (When I was a Witch). Nornaseiðurinn veitti afl til góðra verka.

Samlandi hennar, Renée Vivien/Pauline Mary Tarn (1877-1909), tók djöfladýrkun og andóf gegn feðraveldinu skrefi lengra. Djöflinum var einnig beitt gegn gagnkynhneigð. Renée átti í tygjum við Natalie Clifford Barney (1876-1972). René kynnti í sögum sínum Satan eða Djöfulinn sem guð kvenfrelsunar, verndara samkynhneigðar og skapara konunnar.

Mary Chavelita Dunne (Bright)/(George Egerton (1859-1945) var áströlsk-írsk kynsystir, rithöfundur og heimshornaflakkari. Í hennar huga var nornin ásýnd kvennavalds og myndlíking fyrir hina skapandi konu, sem er jafnoki karlsins á öllum sviðum, holdgervingur hinnar framsæknu „Nýju konu.“

Í einu af þrem hjónaböndum rak hana á norskar fjörur. Það tókst venskapur með Knut Hamsun (1859-1952). Mary Chavelita þýddi bók hans, „Sult,“ og tileinkaði honum fyrstu bók sína.

Mary Chavelita skilgreindi sig ekki sem kvenfrelsara. Kvenfrelsunarhreyfingin, sagði hún, „er bækluð (atrophied) skepna, haldin tilhneigingum til úrkynjunar og kynblöndunar.“ Í raun boðaði hún kynlífsfrelsi konum til handa, en ekki borgaraleg réttindi.

Mary segir karla jafnframt „hafa sést yfir hinn eilífa ofsa (wildness), hina óhömdu, villtu skaphöfn, sem býr innra með konunni, jafnvel þeirri mildilegustu. Í djúpi siðvæðingarinnar um aldir ólgar ofsinn. Það má leyna honum, en ofsinn verður aldrei slökktur af menningunni – [ofsinn er] grunntónn kvennornarinnar og styrkur kenna.“

Elizabeth Cady Stanton og sálusystur hennar voru m.a. undir áhrifum Moncure Daniel Conway (1832-1907). Hann skrifaði bókina „Djöflafræði og djöflamunnmæli“ (Demonology and Devil-lore), sem kom út 1879. Þar var Lillít kölluð Madonna, fyrsti kvenfrelsarinn og „dæmigert fórnarlamb ósjálfstæðis.“

Hann segir m.a., að líkt sé á með konum farið og Lillít, „konur verða brúðir djöfulsins, hverju sinni sem þær láta í ljós vansæld með það að sitja yfir börnum og við kvennasýslan.“ ...

„Þegar karlinum auðnast að búa sér heimili og garð, sem ekki er fangelsi, og þar sem þekking ekki er forboðin ávöxtur, neyðist Lillít [heldur] ekki til að berjast fyrir frelsi sínu með því að bylta samfélagi hans.“

Hin mergjaða Lillít naut óblandinnar hrifningar Ada Langworthy Collier, sem skrifaði um hana kvæðið, „Lillít: Munnmælasöguna um fyrstu konuna“ (Lilith: The Legend of the First Woman). Ljóðið var gefið út 1885.

[https://fiamengofile.substack.com/p/yes-kamala-harris-slept-with-a-powerful?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=846515&post\\_id=148057402&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://fiamengofile.substack.com/p/yes-kamala-harris-slept-with-a-powerful?utm_source=post-email-title&publication_id=846515&post_id=148057402&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

## **Djöfladýrkunarkvenfrelsun, blót, karlfórnir og sitthvað um kostakonur VII: Kvenfrelsun, mannbótafræði, auðmenn og alheimsstjórn**

Leiðir kvenfrelsara, mannbóta- eða arfbótasinna (eugenist), guðspekinga og alheimstjórnarsinna lágu saman beggja vegna Atlantsála. T.d. var Margaret (Louise Higgins eða Slee) Sanger (1879-1966), hjúkrunkona, kvenfrelsari og mannbótasinni, ástkona Herbert George Wells (1866-1946), aðalflugmyndafræðings alheimssinna.

Margaret barðist eins og Adolf Hitler, fyrir eyðingu óæskilegs fólks. Yfirvarpið var m.a. stofnunin „Getnaðarvarnarsamtökin“ (Birth Control League – síðar Planned Parenthood).

Umrædd stofnun er grunnurinn að „Fjölskylduáætlanabandalagi Bandaríkjanna“ (Planned Parenthood Federation of America), stofnað 1942. Heiðursforseti þessa bandalags var einmitt Margaret sjálf.

Nafni fyrirtækisins var síðar breytt í „Fjölskylduáætlunina“ (Planned Parenthood - PP). Fyrirtækið rekur u.þ.b. 400 fóstureyðingasjúkrastofur (clinic) í Bandaríkjunum, sem eyða 350.000 fóstrum árlega.

Í sumum ríkja Bandaríkjanna eru fóstureyðingar leyfðar fram að fæðingu, en það er baráttumál VG á Íslandi. Umrætt fyrirtæki, sem er stærsta fóstureyðingafyrirtæki Bandaríkjanna, stundar líka virka markaðssetningu, bauð t.d. mæðrum ókeypis fóstureyðingu, þegar fellibylurinn, Katrina, reið yfir.

Fyrirtækið er styrkt af yfirvöldum, Gates sjóðnum, Warren Buffett (stundum kallaður „konungur fóstureyðinganna“) sjóðnum, Ford sjóðnum, Turner sjóðnum og fl. Í stjórn þessa merkilega fyrirtækis sat faðir Bill Gates, arfbótasinni (eugenics- eugenicist) mikill. Eplið féll ekki langt frá eikinni.

Margaret var athafnasöm mjög. Hún blés t.d. til alþjóðlegrar ráðstefnu um fólksfækkun í Genfar árið 1927. Hún var einnig forseti „Alþjóðlega fjölskylduáætlanasambandsins“ (International Planned Parenthood Federation), sem var stofnað árið 1953.

Í bók, sem heitir „Kvenfrelsunarlygar. Jafnrétti var aldrei baráttumálið“ (The Feminist Lie. It Was Never About Equality), fjallar höfundur, Bob Lewis, lítillga um Margaret, segir t.d.:

Eins og margir á hennar tímaskeiði hreifst Margaret af hugmyndafræði nasista um hreinleika kynþáttarins og mannkynbætur. Hún skrifaði fjölda rita um hugðarefni sitt. Á tímabili gaf Margaret út tímaritið „Kvenandófsmanninn“ (The Woman Rebel). Starf hennar þótti fullt róttækt, enda var henni stungið í fangelsi um mánaðartíma.

Margaret var eins og gefur að skilja, mikill talsmaður fjölskylduáætlana og getnaðarvarna, opnaði fyrstu getnaðarvarnarsjúkrastofuna í Bandaríkjunum.

En Margaret var ekki öll, þar sem hún var séð. Hún lét þessi orð einu sinni falla: „Við viljum ekki, að það verði heyrinkunnugt, að fyrir okkur vaki að útrýma svörtu fólki.“

Árið 1923 sagði Margaret á þá leið, að markmið hennar væri að leysa úr læðingi og hlúa að betri eðlisþáttum samfélagsins, en bæla niður, uppræta, og ef svo bæri undir, eyða gölluðu ætterni (stock) – því mannlega sæði, sem ógnar blómgun hinna fegurstu blóma bandarískrar menningar.“

Margaret hafði einnig ráð undir rífi hverju um fólksfækkun: „Líknardráp á nýbura í stórri fjölskyldu er það mannlegasta í stöðunni.“

Margaret fór sum sé hvergi í launkofa með mannkynbóta- og fólksfækkunarviðhorf sín. Hún talaði líka fyrir æxlunarleyfi handa körlum og konum frá hinu opinbera.

Þrátt fyrir auðsýnda mannfyrirlitningu hefur Margaret hér um bil verið tekin í dýrlingatölu meðal alheimsstjórnarsinna, kvenfrelsara, svo og fólksfækkunar- og mannkynbótasinna.

Verðlaun eru t.d. veitt í hennar nafni. Hin góðkunni stríðshaukur og meintur barnaníðingur, Hillary Rodham Clinton, mærir skoðanasystur sína einlæglega, kallaði Margaret bæði „framsýna og hugrakka.“ Enda hlaut Hillary umrædd verðlaun árið 2009 fyrir „óbilandi baráttu fyrir heilbrigði og réttindum kvenna allan sinn starfsferil.“

Hillary þakkaði fyrir sig með þessum orðum: „Þau [verðlaunin] eru hluti hreyfingar, sem starfar að efnahags- og stjórnámálalegum viðgangi kvenna og stúlkna.“ Þetta eru samþykkt markmið Alheimsefnahagsráðsins (World Economic Forum), Sameinuðu þjóðanna og ríkisstjórnar Íslands m.a. Hillary lofar starf samtakanna í þágu „æxlunarfrelsis“ kvenna.

Viðhald Margaret, fyrrnefndur Herbert George Wells, var einn af meginhugmyndafræðingum alheimsstjórnarsinna eins og áður sagði, virkur þáttakandi í Fabianfélaginu (Fabians), sem haft hefur gríðarleg áhrif á þróun heimsmála. Félagsmenn voru auðkýfingar, fræði- og stjórnámálamenn, sem börðust ötullega – og gera enn – fyrir alheimsstjórn.

Það var margan gimsteininn að finna í Fabianfélaginu, auk Herbert George, eins og til að mynda Cecil Rhodes (1853-1902), sem „átti“ sneið úr Afríku (Rodesíu, Zimbawe), og fjárhagslegan bakhjarl hans, Lionel Walter Rothschild (1858-1937).

Ætt Rauðskjöldunga (Rothschild) átti m.a. námafyrirtæki í Suður-Afríku. Land- og arðrán þeirra var stundað í skjóli breska hersins. Það vill svo skemmtilega til, að þennan Rauðskjöldung dreymdi eins og langalangaafann, um að eignast Gyðingaland. Bresk stjórnvöld voru ættinni líka innan handar með það, þegar Balfour yfirlýsingin um land í Palestínu var gefin út 1917.



Stríðshugmyndafræðin gegn almenningi var mótuð gagngert á nítjándu og tuttugustu öldinni í leynifélögum á borð við fyrrgreint Félag. Þar lögðu fleiri af mörkum en Herbert George eins og t.d. Huxley bræðurnir, Aldous Leonard (1894-1963) og Julian Sorell (1887-1975). Sá síðarnefndi er m.a. kunnur fyrir kynbætur á mönnum (eugenist), formaður í bresku félagi, sem hafði þær á stefnuskrá sinni.

Julian Sorell hafði afdrifarík áhrif sem fyrsti yfirmaður Mennta-, menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO – United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization).

Síðastnefndur tók, árið 1961, einnig þátt í stofnun „Alþjóðlega náttúruverndarsjóðsins“ (World Wildlife Fund) með fulltingi sömu aflu og börðust fyrir mannkynbótum og alheimsstjórn. Eitt af markmiðum Sjóðsins er að hlífa náttúrunni við manningum. Loftslagshamfarabíblía Rómaklúbbsins (Club of Rome), „Takmörk vaxtar“ (Limits to Growth), kom svo út tíu árum síðar.

Það má til fróðleiks geta þess, að umrætt félag hlaut nafn eftir rómverska stríðsherranum og auðjöfrinum, Quintus Fabius Maxims (280-203), sem varð einræðisherra Rómaveldis í seinni styrjöldinni við Púnverja (Karþagómenn, Föníkumenn). Kanadíski sagnfræðingurinn, Matthew Ehret, telur hann upphafsmann sálhernaðar og úttaugunarstríðs. Nafnið var greinilega ekki valið af handahófi.

Matthew bendir á, að nafnvalið sé einnig tengt dýrkun Miklu móður (Magna Mater), sem algeng var í Róm á þessum tíma, t.d dýrkun Gaia (jarðargyðjunnar) eða Cybele-Attis, ISIS og Míttra (Mithra). Fórnir komu þar, eðli málsins samkvæmt, við sögu, svo og blóðugar sjálfsmeiðingar. Karlar fórnðu jafnvel kynfærum sínum til að öðlast náð gyðjunnar. Gyðjunnar höfðu eins og barnið kært, mörg nöfn í fornmenningunni.

Prestana varð að gelda. Að geldingu lokinni voru þeir færðir í kvenmannsklæði. Þeir báru belti úr hnúum, sem varð fyrirmynd að beltinu, sem munkar í kristnum reglum nota til að hirta sjálfa sig. Hár sitt létu prestarnir vaxa og lituðu. Í andlitið smurðu þeir fegrunarfarða.

Leynifélög og reglur, sem spruttu upp á síðmiðöldum, „Ljósálfarnir“ (Illuminati), Hringborðið (Round Table), Frímúrara, Jesúítar, Benedíktínareglan, Fransiskanareglan, Musterisriddarar og svo framvegis, áttu, samkvæmt kanadíska sagnfræðingnum, Cynthia Chung, rætur sínar í gyðjudýrkun fornrar menningar vorrar.

Vígslusiðir Frímúrara, minna – samkvæmt regluforingjanum, Albert Pike (1809-1891) – á fyrrgreinda fórnarsíði. Matthew segir:

„Það eru fjölmargar heimildir um, að fíkniefni, kynlífssvall, ásamt blöndu af pyndingum og ófullnægðum, líkamlegum hvötum (sem síðar fengu útrás), væru áberandi við þessa vígslu.“

Eins og ýjað er að, hefur djöfladýrkunin aldrei horfið, stundum þó átt sér stað neðanjarðar. „Helvítiseldafélagið“ (Hellfire Club) er eitt dæmi um þetta frá átjándu öldinni í Lundúnum.

Nútíma fulltrúar djöfladýrkunar eru t.d. Lady Gaga og Marina Abramovic. Sú síðastnefnda er í slagtogi með djöfladýrkendaúrvali alþjóðaaauðvaldsins, í sérstöku uppáhaldi hjá tilteknum Rauðskjöldungum (Rothschild) og forsætisráðherra Úkraínu, Volodymyr Zelensky, sem hefur gert hana að sendiherra sínum.

Alheimsstjórn var eins og ýjað er að, einnig á þess stefnuskrá Fabianfélagsins. Stefnuskrána má lesa í bók Herbert George frá 1928, „Samsæri fyrir opnum tjöldum: Áætlun um heimsbyltingu“ (The Open Conspiracy: Blueprint for a World Revolution). Þar er t.d. fjallað um að skapa ný alheimstrúarbrögð. Það átti Herbert George sameiginlegt með guðspekingunum, sbr. fræði Helena Blatavsky.

Herbert George segir m.a.: „Uppræta verður kerfi þjóðríkja. ... Við lifum á tímum, þar sem þau hverfa. ... Ríkisstjórnir samtímans munu hverfa í hinni miklu baráttu til að leysa úr læðingi heimsjafnaðarstefnu (World Socialism) Vesturlanda. ... Mýgrútur fólks ... mun leggja fæð á hina nýju heimsskipan ... og láta lífið í andstöðu við hana.“

Hér er öreigabylting Karl Marx ljóslifandi komin. Þeir Karl og Herbert George lifðu og hrærðust samtímis í Lundúnum. Karl starfaði á framfæri verksmiðjueigandans, vinar og fóstbróður, Friedrich Engels.

Fabianfélagarnir kölluðu sig (kristna) jafnaðarmenn, vini litla mannsins, eins og Adolf Hitler og félagar í Þýskalandi. En alþýðu manna fyrirritu Fabianfélagar í raun og ólu eins og Hringborðsfélagar og þjóðernisjafnaðarmenn í Þýskalandi, á hugmyndum um rétt hinna bestu til að lifa, samkvæmt eigin skilgreiningum. Það er ekki ólíklegt, að fækkun mannkyns hafi orðið elskendunum, Margaret Sanger og Herbert George Wells, að koddahjali.

Með skírskotun til mannræktar mátti til að mynda gera ófrjósemisaðgerðir á hinum óhæfu og jafnvel eyða þeim. Þetta voru algeng viðhorf á Vesturlöndum. Viðhorfin urðu að áætlunum og komu víða til framkvæmda, eftirminnilegast í Þýskalandi.

Þjóðarmorð á „dýrunum“ í Palestínu stendur nú yfir. Umrædd viðhorf eru enn í fullu gildi t.d. hjá Alheimsefnahagsráðinu. Þess má til fróðleiks geta, að Fabianfélagið

stofnaði London School of Economics og Verkamannaflokkinn. Fyrirverandi formaður hans og stríðsherra, Tony Blair, er handbendi alheimssinna og talar ákaft fyrir brotthvarfi þjóðríkjanna.

Leynifélög af öllu tagi voru stofnuð í baráttunni fyrir alheimsríkinu. Frímúrarareglan er að ýmsu leyti fyrirmyndin. Hugmyndafræði og skipulag dregur að verulegu leyti dóm af reglu Jesúíta, sem var aftur fyrirmyndin að stofnun Illuminati Rauðskjöldunga (Rothschild auðjöfranna).

Hugmyndafræði Jesúíta var nánar útfærð í „Kommúnistaávarpi“ Gyðinganna, Karl Marx og Friedrich Engels. Ávarpið skrifaði Karl í Lundúnum. Þangað sækir Alheimsefnahagsráðið líka innblástur. (Sbr. bók Gary Allen og Larry Abraham, „Engin vogar sér að kalla það samsæri“ (None Dare Call It Conspiracy)).

<https://nationalpost.com/news/canada/innocent-man-locked-up-19-days-after-ex-wife-makes-up-story-you-hurt-every-real-victim-out-there>

## **Djöfladýrkunarkvenfrelsun, blót, karlfórnir og sitthvað um kostakonur VIII: Menntun kvenna, málstofur og kvennaríki**

Sarah Margaret Fuller (1810 – 1850) var áberandi í fyrrgreindum hópi kvenfrelsara, byltingarmanna (kommúnista), dul- og guðspekinga. Sjálf var hún hughyggjusinni (transcendentalist, trancedentalism) í anda bandarísku rithöfundanna, Ralph Waldo Emerson (1803-1882) og Henry David Thoreau (1817-1862).

Sannleikann var að finna handan skynseminnar, sögðu þau. Dulspeki var tilvalin aðferð til að leita hans, sagði Sarah Margaret, sem og samfélagslegar endurbætur og dýrkun náttúrunnar, sbr. bók Henry David, Walden. Bókin fjallar um einveru hans í kofa um tveggja ára skeið í tengslum við náttúruna.

Félagarnir, Ralph Waldo og Henry David lögðu ríka áherslu á sjálfsábyrgð og ábyrgð á samfélaginu. Andóf þyrfti að sýna gegn óréttmætu yfirvaldi. T.d. neitaði Henry David að greiða skatta til að fjármagna stríðið gegn Mexíkó. Hann var einnig andstæðingur þrælahalds. Ralph Waldo sendi frægt bréf til forseta Bandaríkjanna, Martin Van Buren (1782-1862), til að mótmæla meðferð yfirvalda á frumbyggjunum.

Sarah Margaret skrifaði fyrsta „Kvenfrelsunarávarpið“ 1845 (Women in the Nineteenth Century). Í Ávarpinu hugleiddi hún eiginleika kynjanna og komst að því, að þau renni meira eða minna saman.

Sarah Margaret stofnaði einnig til vitundarvakningarhópa kvenna, þar sem stuðst var sígilda dulspeki. Hún átti samvinnu við ungfrú, Elizabeth Palmer Peabody (1804-1894), menntafrömuð og dulspeking. Hún stofnaði fyrsta dagheimili í Bandaríkjunum fyrir börn, eftir fyrirmynd Friedrich Froebel, (1782-1852). Margaret hélt málstofur að evrópskum siðum.

Málstofa (salon), eins konar fræðasetur, menningarstofa, bókmennta- og vísindamálstofa, var þekkt frá síðmiðöldum í Evrópu. Menntastofur voru nokkurs konar „hliðarmenntastofnanir“, þ.e. samtímis klaustrum og háskólum, eftir að þeir komu til sögunnar.

Venjulega veitti kona stofunni forstöðu. Sumar höfðu veruleg áhrif á bæði vísindi og stjórnsmál. Í málstofum þessum tók þátt fjöldi menntamanna, þó fyrst og fremst karlmenn. Ágúst Bjarnason (1875-1952) lýsir stofnunum þessum sem „skrafsölum“ tiginborinna karla og kvenna.

Nefndir skrafsalir urðu trúlega fyrst til í Frakklandi á sautjándu öldinni. Etta Palm d'Aelders (1743-1799), hollenskur baráttumaður fyrir jafnrétti kynjanna, stóð fyrir málstofu um samfélagsmálefni í París, þar sem m.a. þinguðu verðandi leiðtogar frönsku byltingarinnar.

Síðar varð Etta Palm virkur þáttakandi í frönsku byltingunni sem og í félagi, sem stofnað var til að vinna að jafnrétti kynjanna árið 1790 (Société fraternelle de l'un et l'autre sexe. Défenseurs de la Constitution/Fraternal). Stofnandi var Claude Dansard, skólastjóri.

Olympe de Gouges/Marie Gouze (1748-1793), franskur kvenrithöfundur og baráttumaður fyrir mannréttindum og rétti kvenna, þátttakandi í frönsku byltingunni, skrifaði 1791, „Yfirlýsingu um réttindi kvenna og borgara (Déclaration des droits de la femme et de la citoyenne):“ Svo segir Ólafur Jens Pétursson í bók sinni, „Hugmyndasögu“ (M&M, Rvk. 1989, bls. 177):

„Leikkonan og leikritahöfundurinn Ólympía de Gouges ... skrifaði sérstaka „yfirlýsingu“ (1791) um réttindi konum til handa – og raunar einnig blökkumönnum. Yfirlýsingar hennar var í 17 greinum og 10. grein hljóðaði svo: „Konur hafa rétt til að stíga á höggstokkinn. Þær hljóta því einnig að hafa rétt til að stíga í ræðustólinn.“ Gouges gagnrýndi ógnarstjórn byltingarinnar og var hálshöggvin 1793.“

Olympia var reyndar hálshöggvin fyrir morð á félaga sínum. Það fylgir sjaldnast sögunni.

Umrædd yfirlýsing Olympia hljómaði svo: “Konan er frjálsborin og réttur hennar sá sami og karlar njóta ... Hafi hún réttinn til að hanga í gálganum, hlýtur hún einnig að hafa rétt til þingsetu.”

Yfirlýsing de Gouges hafði mikla þýðingu fyrir réttindabaráttu kvenna beggja vegna Atlantsála. Hún hafði horn í síðu hjónabandsins, kallaði það „gröf ástar og trausts.“

Eins og fram hefur komið, lögðu miklu fleiri konur stund á menntun en byltingar. Feður og bræður við háskólanna, t.d. í Göttingin, studdu konurnar sínar dyggilega í þekkingar- og þroskaleitinni. Kunnar er svokallaðar „háskólaungfrúr“ eða „prófessorsdætur“ (Universitätsmamsellen).

Konur létu ekki þar við sitja heldur stofnuðu eins konar bréfháskóla eða pennavinahring (epistolary network). Meðal merkra kvenna var afburðakonan, Anna Maria van Schurman (1607-1678). Hún var hollenskur málari, menntamaður og skáld, víðkunn fyrir afburðamenntun og einstaka hæfileika, undrabarn.

Anna Maria stofnaði til víðkunns pennavinahrings marga afrekskvenna á hennar méli, t.d. hina dönsku Birgitte Thott (1610-1662), sem Anna María gaf viðurnefnið „tíunda vísdómgyðja norðursins“; hinni írsk-ensku Dorothea/Dorothy Moore Durie (1612? – 1664?), hina ensku Bathsua Reginald Makin (1600?-1675?), hina frönsku Marie de Gournay (1565-1645), hina fransk-hollensku Marie du Moulin (1622-1699) og hina dönsk-þýsku konungsdóttur Elizabeth Stuart í Bæheimi (Bohemia) (1596-1662).

Elizabeth var reyndar eins konar þungamiðja hringsins, þar sem útleigðarhirð hennar var staðsett í Hag. Kristina Augusta Wasa/Christina Alexandra (Gustavsdotter), Svíadrottning (1632-1654), var sömuleiðis í þessum merka hópi

Afrekskonurnar mynduðu innri hring, en þeim tengdust fræðimenn af báðum kynjum úr fjölskyldu, vinahópi og hópi velgjörðamanna. Þær skrifuðust vitaskuld einnig á við fjölda karlfræðimanna, sem stofnað höfðu menntahring sama eðlis. Raunar voru hringir þessir samþættir. Pennavinahringurinn hefur einnig verið nefndur; „Bréfalýðveldið (Republic of Letters – Anne Goldgar)“ og „Kvennalýðveldið,“ (Carol Pal).

Svo virðist sem hringur Önnu Maríu hafi verið órofinn í um það bil hálföld, þ.e. frá 1630-1680. Carole Pal fullyrðir, að hringurinn hafi verið „samþættur og þýðingarmikill hluti menntunarbýltingar,“ sautjándu aldar. Sumir telja, að jafnvel upp undir tvö hundruð kvenna hafi myndað ytri hringinn.

Fyrsta menntastofa (salon) utan Ítalíu, „Blásokkuhreyfingin“ (las bas-bleu), var stofnuð í París 1607 (stundum talin sú fyrsta). Þetta var hreyfing menntakvenna, eins konar kvennaháskóli Upplýsingaraldar. Í Englandi fór málstofanna að gæta á síðari hluta átjándu aldar.

Yfirstéttarkonur í Englandi leituðu ákaft menntunar á síðmiðöldum.

Embættismannaháskólarnir voru þeim enn lokaðir. En karlarnir voru konunum engu að síður innan handar í þekkingarleitinni eins og t.d. í þeim bráðmerka félagsskapi, „Blásokkunum“ (Bluestockings).

Blásokkurnar voru félagsskapur eða vettvangur til menntunar og samfélagsumræðu kvenna, stofnaður um miðja átjándu öld í Englandi. Þær buðu til sín karlmenntamönnum til fyrirlestra og umræðna.

Nafnið er sagt hafa orðið til sökum þess, að einn fyrirlesaranna, Benjamin Stillingfleet (1702-1771), grasfræðingur m. m., birtist í bláum ullarsokkum í stað svartra silkisokka, sem var merki um háa samfélagstöðu. Karl ku ekki hafa haft efni á slíkum fótabúnaði.

Í starfi Blásokkanna tóku fleiri þátt, t.d.; Frances Evelyn (Glanville) Boascawen (1719-1805), menntafrömuður og bréfitari; írski stjórnmálafræðingurinn, Edmund Burke (1730-1797); David Garrick (1717-1779), leikritaskáld; Eddward Gibbon (1737-1794), sagnfræðingur og stjórnmálamaður; Samuel Johnson (1709-1784), rithöfundur; Thomas Percy (1729-1811), biskup og rithöfundur; Joshua Reynolds (1723-1792), listmálari; Richard Brinsley Butler Sheridan (1751-1816), skáld; Adam Smith (1723-1790), hagfræðingur, rithöfundur og heimspekingur; Thomas Warton (1728-1790), skáld og sagnfræðingur.

Því mun óhætt að fullyrða, að Blásokkurnar hafi notið kennslu úrvals karlfræðimanna. Beinum nú sjónum aftur vestur um haf, þar sem konur einnig kepptust við að læra og frelsast.

Líklegt má telja, að bæði Marget Fuller og Elizabeth Peabody og Biblíuhópurinn undir foryst Elizabeth Cady Stanton, hafi veitt innblástur til stofnunar kvennaríkja (womyn – women's commonweath) á áttunda áratugi nítjándu aldar.

Kvennaríkið, „Helgisysturnar“ (Sisters of Sanctification - Belton Santificationists) var stofnað á þessum árum. Leiðtogi Helgisysturanna og hugmyndafræðingur var Martha White McWhirter (1827-1904).

Einu sinni fékk Martha þá himnesku vitrun, að hún og konurnar í bænahópnum sættu kynferðislegri misnotkun af hendi karla sinna. Hún boðaði því, að þær skildu forðast

náið samneyti við þá. Sjálf skildi hún við karl sinn, föður tólf barna þeirra, og gerði síðan gangskör að því að stofna kvennaríki eða-samfélög (communes). Athvörfum fyrir eiginkonur vondra karla var einnig komið á koppinn.

Eins og gefur að skilja var ekki rými fyrir karla í kvennaríkjunum, sums staðar heldur ekki sveinbörn. Konurnar leituðu frelsunar í skírlífi. Litið var á kynlíf með karlmanni sem niðurlægingu kvenna. Þetta viðhorf var endurvakið í annarri bylgju kvenfrelsunar. Fúslegt kynlíf með karli var talið kúgun af hans hálfu. Barneignir og uppeldi barna var sömuleiðis talin niðurlæging.

Kvennaríkin voru undanfari sveitahreyfingar lespa (lesbian land movement eða Womyn's land), sem víða var stofnað til á áttunda áratugi síðustu aldar, m.a. í Danmörku. (Womyn er notað í mótmælaskyni við woman, sem er föðurveldisorð.) Eitt ríkjanna heitir í höfuðið á sjálfri Susan B. Anthony. Hún var líklega lespa.

Lespu-samkynhneigðar- tvíátta-, kynskipta- og kynleysufólk (LGBTQ) hefur stofnað eigin samfélög.

Kvenfrelsarar nítjándu aldar ráku einnig þrælakistur eða plantekrur. Í glatkistu kvenfrelsunarsögunnar er margt fróðlegt að finna um býsna skritin tilbrigði við kvenfrelsun eins og útrýmingu negra, stríðsáróður, blóðugar byltingar, hryðjuverk og þrælahald.

Stundum er sagt, að skíni á gull, þótt í skarni liggi. Það á við um þrælahaldarann, Rebecca Ann (Latimer) Felton (1835-1930). Hún var rithöfundur, fyrirlesari og stjórnmalamaður frá Georgíuríki, Bandaríkjunum, og þingmaður í einn dag.

<https://www.dailymail.co.uk/news/article-2124170/Cassandra-Kennedy-Father-freed-decade-jail-daughter-admits-lied-raping-11.html>

### **Djöfladýrkunarkvenfrelsun, blót, karlfórnir og sitthvað um kostakonur IX: Kosningaréttur, kynofbeldi og kynþáttahatur kvenna**

Bandarískir kvenfrelsarar á nítjándu öldinni stigu margir hverjir sín fyrstu skref á hugmyndafræði- og aðgerðabrautinni, eftir hina möggnuðu sjálfstæðisyfirlýsingu kvenna um miðja öldina. Yfirleitt fóru þar yfirstéttarkonur fremstar í flokki.

Eins og drepið var á, börðust konurnar einkum fyrir kosningarétti, bindindi og getnaðarvörnum. Sumar þeirra beittu sér sömuleiðis fyrir afnámi þrælahalds. Það

gerði Rebecca Ann (Latimer) Felton (1835-1930) hins vegar ekki. Hún var kynþáttahatari eins og fleiri kvenfrelsarar þeirra tíma.

Orðstír Rebekku reis líklega hæst, þegar hún tók sæti á alríkisþinginu, þótt það væri skammgóður vermir. Hún þjónaði á þeim vettvangi einungis einn sólarhring. Næsti kvenfulltrúi frá Georgíu, tók þar sæti um heilli öld síðar. Rebekka var þó öllum hnútum kunnug á þeim vígstöðvum. Hún studdi nefnilega karl sinn, William Harrel, Alríkisþingmann, með ráðum og dáð.

Aðgerðaskrá Rebekku tók m.a. til bindindis, kosningaréttar og jafnréttis til launa, þ.e. fyrir hvítar konur. Rebekka hundskammaði Suðurríkjakarla fyrir að tala tveim tungum. Þeir teldu sig öðrum körlum riddaralegri eða fórnfúsari (chivalry), en andæfðu kröfum kvenna um kosningarétt.

Rebekku lá ekki gott orð til blakkskinna, kallaði karlana „hálfsiðaðar górilla,“ sem byggju yfir „hrottafengnum kynlost“ gagnvart hvítum konum. (Þetta var reyndar algengt viðhorf hvítra kvenna – og karla.) Skiljanlega taldi hún því aftökur hinna hálfsiðuðu, lostafullu górilla, dýrlegan gjörning og hvatti eindregið til þeirra.

Skömmu fyrir þar síðustu aldamót (1898) sagði Rebekka: „Þegar skortir trúarlegar áherslur úr prédikunarstólnum, svo að skipuleggja megí herferð á hendur syndinni; [þegar skortir] réttlæti í réttarsalnum, svo refsá megí með réttu fyrir glæpi; [þegar skortir] karlmennsku þegnanna til verndar sakleysi og dygd – sé þörf aftöku til að vernda hið dýrmætasta í fari konu (possession) frá kynþyrstum karlófreskjum – þá segi ég; takið af lífi, þúsund sinnum í viku hverri, bjóði nauðsyn svo.“

Bindindi karla var eitt af þýðingarmeiri baráttumálum kvenfrelsara eins og stofnun kvennaríkjanna ber vott um. Það var talinn verulegur löstur í fari karla, að þeir gerðust sauðdruknir og sóuðu heimilispeningunum á kránunum. Aðgangsharðasta baráttukonan gekk á milli kráa og hótaði karlræflunum með reiddri öxi.

Bandaríski menntafrömuðurinn og kvenfrelsarinn (suffragist), Frances Elizabeth Caroline Willard (1839-1898), tók málin líka í sínar hendur eins og forystumenn kvennaríkjanna. Hún stofnaði Samband kristinna bindindiskvenna (Woman's Christian Temperance Union- WCTU) 1883 og gerðist leiðtogi Bindindisflokksins (Prohibition Party). Frances Elizabeth var margt til lista lagt. T.d. skrifaði hún 1867 bókina, “Kynfræðin er heimspeki lífsins” (Sexology as the Philosophy of Life).



Það dró líka til stórra tíðinda á vígvelli heimiliserjanna á austurvígstöðvunum. Um aldamótin 1900, þegar kvenfrelsunarhreyfingin fór annars vegar að berjast fyrir blóðugri byltingu og hins vegar fyrir kosningarétti kvenna. (Kosningaréttur karla lá þeim í léttu rúmi.) Baráttan gegn körlum var háð innan veggja heimilisins sem utan.

Banatilræði við borgarstjórnann í Sankti-Pétursborg misheppnaðist, en drápssveit kvenna undir forystu Alexe Popova (d. 1909) tókst að granda um þrjú hundruð körlum fyrir meint heimilisofbeldi. Óopinber kviðdómur kvenna kvað upp dómana og fullnægði þeim. Orðum þeirra var almennt trúað.

Fyrirkomulagið gildir við sýndardómstóla stofnana og fyrirtækja í vestrænni menningu rúmri öld síðar – ekki síst í fjölmiðlum. Kvenfrelsarar berjast fyrir því, að það verði einnig tekið upp við opinbera réttargæslu.

Ofbeldi er snar þáttur í stríði kvenfrelsaranna gegn körlum og samfélagi. Það sást t.d. í Frönsku byltingunni og í kjölfar hennar. Hubertine Auclert (1848-1914) er eitt dæmi um slíkt ofbeldi. Hún var franskur kvenréttindafrömuður, ákafur talsmaður kosningaréttar kvenna og stofnaði 1876 fyrstu hreyfingu Frakka, sem beitti sér sérstaklega í þá veru (Le Droit des femmes). Hubertine sagði sig halla undir djöfulinn.

Síðar eða 1900 stofnaði hún félag um kosningarétt kvenna (Suffrage des femmes) og stofnaði sömuleiðis og fjármagnaði tímaritið (La Citoyenne – kvenborgarinn). Hún stóð fyrir herskárri hugmyndafræði (militant feminism, militant suffragettes) og sótti fyrirmyndir til kynsystra sinna af því sauðahúsi í Bretlandi. Hún hlaut dóm fyrir skemmdarverk.

Fyrir dómara útskýrði Hubertine: „Mér er eftirsjá í háttsemi þeirri, [braut atkvæðaseðlakassa og gluggarúðu] sem hér er tekin fyrir; eftirsjá vegna þess, að ég er verulega andsnúin ofbeldi. En ég hegðaði mér með þessum hætti, þvinguð fram á gnípu eins og allir félagar mínir í baráttunni fyrir kosningarétti [kvenna] eru. Því veldur sjálfumgleði karlanna.“

Það skarst í odda með Hubertine og hinum hófstílltari baráttumönnum í sambandi við ráðstefnu um réttindi kvenna árið 1878. Hubertine andæfði og skrifaði:

„Mér er kunnugt um, að skæruliðar í baráttunni fyrir frelsun kvenna telji það ekki tímabært að krefjast stjórnmalalegra réttinda. Mitt eina svar til þeirra er þetta; konan er rænd og ruðuð vera, sem krefst réttlætis. Hún er ekki betlari, sem auðmjúkgast biður um góðverk. ...“

Hvað gætu kúgararnir hugsað, ef baráttumenn fyrir frelsun kvenna væru hræddir um að móðga þá, og biðja feimnislega um svolitlu betri menntun, heldur stærri brauðskammt [og] heldur minni auðmýkingu í hjónabandinu.“

Uppihald sitt fjármagnaði Hubertine með arfi eftir foreldra sína, sem voru landeigendur. Hubertine sagði: „Ég læt körlunum eftir þau forréttindi að greiða skatt þann, sem þeir taka upp og ráðstafa að eigin vild.... Ég er réttláus og greiði því enga skatta. Ég kýs ekki, ég greiði ekki.“

Annað dæmi hliðstætt er Marie-Anne Charlotte de Corday d'Armont/Charlotte Corday (1768-1793), franskur byltingarsinni. Hún er trúlega kunnust fyrir morðið á einum leiðtoga byltingarinnar, Jean-Paul Marat, sem var talsmaður þess vængs byltingarmanna, sem trúði á skefjalaust ofbeldi og aftökur svokallaðra andstæðinga byltingarinnar.

Sjálf átti hún heima í hópi þeirra (Gironde/Brissonist), sem höfðu mildari áherslur í baráttunni á heimavettvangi, enda þótt þeir hafi att Frökkum í stríð við Austurríkismenn. Charlotte var gerð höfðinu styttri í fallöxi byltingarinnar. Hún var einnig talsmaður þátttöku kvenna á opinberum vettvangi. Charlotte hlaut viðurnefnið, Morðengillinn (l'ange de l'assassinat).

Í Stóra-Bretlandi þróaðist kosningaréttarhreyfingin í hryðjuverkasamtök. Í baráttu bresku „súffanna“ (suffragettes) kastaði þó tólfunum í þessu efni. Þær beittu harðskeyttum hryðjuverkahernaði, drápum og skemmdarverkum. (Sjá t.d. bók Simon Webb: *The Suffragette Bombers: Britain's Forgotten Terrorists.*)

Súffurnar börðust sem sagt fyrir kosningarétti kvenna. Þá var einungis fámennum hópi efnaðra karla leyft að kjósa (eins og á Íslandi). Þær stofnuðu „Félags- og stjórnmalasamband kvenna“ (Women's Social and Political Union- WSPU) með „ættmóðurina“, Emmeline Pankhurst (1858-1928), efnaða efrimillistéttarfrú, í fararbroddi.

Saga þessa hryðjuverkahóps er að sumu leyti einnig fjölskyldusaga, hryggileg í mörgu tilliti. Dætur Emmeline tók allar þátt í baráttunni. Þær voru: Christabel Harriette Pankhurst (1880-1958), Estelle *Sylvia* Pankhurst og sú yngsta, Adela Constantia Mary Pankhurst Walsh (1885-1961).

Christabel fórust svo orð, að jafningjar leystu ágreining með samtali, en það væri fánýtt háttalag, þegar karlar ættu í hlut, því „annað kynið [karlar] haldi hinu í ánauð. ...

Það gerði konum gott að skera upp herör. Þær hafi feykst burtu dömubölinu, feimnislegri hæversku, sem væri dæmigerður kvenleiki á öndverðu Viktoríútímabilinu, en frábrugðinn [eiginlegri] kvenmennsku.“

Það var ekki orðum aukið. Hersveit kvenfrelsaranna stundaði sprengingar, skemmdarverk, íkveikjur, sýruárásir og handalögmál – og vitaskuld alls konar óspektir.

Fjöldi hinna ungu stríðsmeyja var stungið í steininn. Oft og tíðum fóru þær í hungurverkfall til að mótmæla því, að þeim væru „boðin kjör“ venjulegra fanga. Þær sögðust eiga betra atlæti skilið. Margar þeirra voru þvingunarfóðraðar. Stríðsmeyjarnar voru sæmdar sérstökum orðum WFPU.

Hryðjuverkasveit Súffanna lét sverfa til stáls „Svarta föstudaginn“ í nóvember 1910. Um þrjú hundruð súffur efndu til ofbeldismótmæla. Þeim var svarað í sömu mynt af lögreglu, sem var gagnrýnd harkalega fyrir framgöngu sína, sérstaklega þó kynferðislega áreitni. Að sögn urðu brjóst súffanna fyrir hnjaski í slagsmálunum.

Lögglumennirnir voru beinlínis óskammfeilnir. Elisabeth Freeman (1876-1942) segir svo frá, að einn þeirra hafi gripið um læri hennar. Hún útskýrði:

„Ég krafðist þess, að hann slepti takinu á læri mínu. Það væri hatursfullt tiltæki gagnvart konu.“ Hann ku hafa svarað: „Ó, gamla, gæskan mín, í dag get ég gripið í þig, hvar sem er.“

(Það er eins og gerst hafi í gær. Ávirðing um kynferðislega áreitni hefur verið öflugt vopn gegn körlum í hálfu aðra öld. Það er mýgrútur dæma um slíkt. Hæst reis hernaðurinn í „mee-too“ bylgjunni. Fyrir nokkrum árum varð t.d. gamalt læraþukl dönskum borgarstjóra að falli.

En spænski kossinn er líklega eftirminnilegastur. Luis Rubiales, forseti Spænska knattspyrnusambandsins, réði sér ekki fyrir kæti, þegar spænska kvennalandsliðið bar sigur úr bítum, og rak Jenni Hermoso rembingskoss. Jenni fór að dæmi fjölda kvenna og kærði Luis fyrir kynofbeldi. Hann var rekinn úr stöðu sinni.)

Kennarinn, Emily Wilding Davison (1872-1913), var ein af skrautfjöðrum súffuhreyfingarinnar. Sú var þvingunarfóðruð 49 sinnum. Einu sinni stakk hún sér fram af háum stiga í fangelsinu til að mótmæla kúgun kvenna.

Emily útskýrði síðar: „Ég notaði allan minn viljastyrk og gerði þetta af ásettu ráði, því mér þótti sýnt, að einungis sjálfsfórn mannværu mundi duga til þess að opna augu þjóðarinnar fyrir þeim skelfilegu pyndingum, sem konur sæta. Ég er þess fullviss, að hefði mér tekist ætlunarverkið, hefði þvingunarfóðrun ekki verið tekin upp aftur.“

Ofangreind Elisabeth, sem mátti þola hramm lögreglumannsins á læri sér, kom frá Bandaríkjum Norður-Ameríku. Breskar súffur fengu einnig liðstyrk frá Kanada, Mary Raleigh Richardson (1882/83-1961). Sú vann sér það m.a. til afreka að tæta sundur málverkið, Rokeby Venus, eftir spænska málarann, Diego Velázquez. Eins og Emily áður útskýrði hún gjörning sinn:

„Ég hef reynt að eyðileggja málverk af fegurstu konu goðsagnanna. Í því felast mótmæli gegn eyðileggingu ríkisstjórnarinnar á frú Pankhurst, sem býr yfir fegurstu manngerð samtímasögunnar.“

Konur úr kvenréttindasamtökunum tóku þátt í flokksstarfi breskra fasista, þar á meðal Norah Elam (1878-19161), sem m.a. var í framboði fyrir flokkinn, og Mary Richardson (18882/1883-1961), kanadískur blaðamaður, sem veitti forstöðu kvennadeild flokksins. Hún var annáluð fyrir ofbeldi, enda ákafur stuðningsmaður breskra kvenréttindakvænna, sér í lagi Emmeline Pankhurst. Hún var margsinnis fangelsuð fyrir skemmdarverk og íkveikjur.. Mary Sophia Allen er einnig nefnd til sögu.

Eftirmæli Helen Lewis, sem skrifaði bók um sögu „Erfiðra kvenna“ (Difficult Women) eru þessi: “Ef til vill var það svo, að fyrsta heimsstríðið – sem leiddi til þess, að Emmeline Pankhurst stöðvaði hernaðaraðgerðir [kvennahreyfingarnar] – hafi komið í veg fyrir, að konur ... [úr hryðjuverkahópi súffanna] hefðu valdið dauða ... manna jafnvel hundruðum saman.” ...

„Þessar konur [súffurnar] höfðu þjáðst undan þvingunarfóðrun, fangelsun, kynferðislegum árásum og eftirliti af hálfu breska ríkisins. Í kjölfar þess þjuggu þær við blóðugasta eyðingarstríð, sem nokkurn tíma hafði verið háð. Ó, já! Aukin heldur bættist það smáræði við, sem Spænska veikin hét og drap 228.000 manns í Bretlandi.“

(Eftir því sem ég best veit, drap Spænska veikin ekki konur sérstaklega, kom upp meðal hermanna (karla) í Kaliforníu. Í síðasta veirufaraldri var viðkvæðið enn það sama; konur þjást meira en karlar. Hillary Clinton hefur einnig haldið því fram, að konur þjáist mest í stríðum.)

<https://www.youtube.com/watch?v=47z8DZQAx7Y>

## Djöfladýrkunarkvenfrelsun, blót, karlfórnir og sitthvað um kostakonur X: Kúgun kvenna og kvenvæn löggjöf

Lofgjörð enska heimspekingsins, John Stuart Mill (1806-1873), um konur, kom út árið 1869; „Kúgun kvenna“ (The Subjugation of Women). Þetta varð eins konar biblía kvenfrelsara í Bretlandi og um allan hinn vestræna heim. Höfundur var undir sterkum áhrifum ástmeyjar sinnar og síðar eiginkonu, kvenfrelsarans Harriet Taylor (1807-1858), svo mjög, að hann átti í erfiðleikum með að greina eigin hugsanir frá hennar.

Bókin var fljótlega þýdd á fjölmargar tungur. Íslensk þýðing Sigurðar Jónassonar (1863-1887) á danskri þýðingu Georg Brandes (1842-1927) var gefin út árið 1900 á kostnað „hins íslenska kvennfélags.“

Um kúgun konunnar segir John Stuart Mill m.a.: „[F]rá bernsku mannkynsins hefur konan talið sig ofurselda sem ambátt mannum [karlinum] sem þótti vænt um að eiga yfir henni að segja og honum gat hún eigi veitt mótþróa sökum þess að hún var kraftaminni.“ ...

„Og þar sem mönnum [körlum] einu sinni hafa boðist þessi kostakjör til þess að ná völdum yfir konum og hafa áhrif á þær, hafa þeir af nokkurs konar ósjálfráðri eigingirnishvöt notað tækifærið, sem þeim þótti einkar hentugt, til þess að halda þeim í kúgun með því að leiða þeim fyrir sjónir að það sem menn gengjust mest fyrir hjá konum væri veikleiki þeirra, sjálfsafneitun og það að þær legðu sinn eigin vilja í mannsins hendur.“

Ónefndur lagaprófessor í Dýflinni, svarar spekingnum svo í bókinni, „Lagaleg kúgun karla“ (The Legal Subjection of Men). John Stuart Mill er horfinn af sjónarsviðinu, en harmakvein hans um kúgun kvenna hljóma enn í eyrum fólks daglega. Þau bera vott mælsku, þau eru hátíðleg og brjóstumkennanleg, þrungin riddaramennsku.

Ný útgáfa ofangreindrar bókar kom út 1908, endurbætt og viðaukin af enska lögfræðingnum, sagnfræðingnum og heimspekingnum, Ernest Belfort Bax (1854-1926). Hann hrósar „New Age Press“ fyrir hugrekki. Forlagið tók nefnilega þá áhættu að móðga fólk með réttar skoðanir.

Höfundur mælir tæpitungulaust. Sú hugmynd, að konur lifi lífi sínu undir oki karla, er orðin að almennri firru eða bábilju, sem litar vangaveltur um það, sem í raun gæti borið á milli kynjanna. Sjaldan í mannkynssögunni hefur jafn ljúgróður og öfugsnúinn

áróður verið á borð borinn. Og kvennahreyfingin (Women's Movement), talsmenn kvenréttinda og baráttumenn fyrir kosningarétti kvenna, kunna ekki að skammast sín:

„Sá, sem skoðar heimssöguna í fordómalausum ljósi, neyðist til að viðurkenna, að enda þótt karlar hafi farið skelfilega að ráði sínu gagnvart kynbræðrunum, hafi þeir farið tiltölulega mildum höndum um konur.“

„Breytingar á stöðu kvenna frá aðstæðum í lénsveldi til aðstæðna í auðvaldssamfélagi einkennast af því, að brott er numinn sérhver vottur af auðsveipni eða vanhæfi, að því viðbættu, að tengd uppbótarsérrettindi eru aukin, og samtímis er bætt við nýjum forréttindum. Árangurinn er um síðir sá, að okkur [körlum] er íþyngt með stétt kyngöfginnar (sex-noblesse)....“

„Hin byltingarkennda kenning um jafnrétti frá 1789 [Franska byltingin] er einungis látin taka til annars aðiljans [þ.e. konunnar]. Og það er gengið út frá því sem grundvallarreglu [að karl sjái] fyrir konu og að hún hafi rétt til að gera nákvæmlega það, sem henni þóknast. Samtímis er það álitid sjálfgefið, að hún sé frelsuð frá þeirri skyldu að sýna honum auðsveipni og háttprýði. Til viðbótar niðurstöðunni um drottun í anda kvenfrelsunar er lokastaðhæfingin sú, að karlinn eigi að láta sér lynda (without redress) hvers konar óskammfeilni og svívirðu af hennar hálfu.“

Ernest á enn orðið: Fullyrðingar um kúgun kvenna hafa fest í sessi sem guðspjall um ranglæti gagnvart konum, enda þótt lögfræðingar samtíðarinnar hafi bent á, að slíkar fullyrðingar eigi sér ekki stað í lögum. Lög greina hnífskarpt á milli karla og kvenna. Í einkamálarétti er kveðið á um sérstök réttindi þeirra, í refsirétti um undanþágur.

Skoðun staðreynda leiðir í ljós, að misréttis og óréttlætis í lögum gæti einvörðungu í garð karla. Konur njóta forréttinda í lögum, hvort heldur er átt við einkarétt eða refsilöggjöf. Forréttindin eru tilkomin vegna nýrra lagaákvæða samtímis því að haldið er í lagabókstafi fornra tíma, þegar konur voru ósjálfstæðar – og skiljanlegir í því ljósi. En við aðstæður nýrra tíma stuðla þessir bókstafir að harðstjórn gegn körlum.

Dæmi: Eiginkarli ber að sjá fyrir konu, hvernig sem á stendur – meira að segja, sé hún ótrú. Þetta viðbótarákvæði var samþykkt fyrir atbeina kvenfrelsara 1895; eiginkarl er ábyrgður fyrir öllum gerðum eiginkonu sinnar, jafnvel þótt hún smáni hann og yfirgefi.

Karlinn þjónar sem blóraböggull; fremji eiginkona glæp í viðurvist eiginkarlsins, er hann talinn ábyrgur; kvartanir eiginkonu í garð karls síns eru ekki véfengdar, viðurlög eru fangelsi, aðskilnaður, missir forsjár barna, framfærsla þeirra og móður þeirra, sem oft og tíðum eitrar hugskot barnanna gagnvart honum (fyrri réttarregla var sú, að börn

voru falin í umsjá móður sinnar fram að sjö ára aldri eða svo); eiginkarli er gert að sjá fyrir barni, getnu í framhjáhaldi konunnar; eiginkona hefur óskoruð yfirráð yfir eignum og fjármunum, sem henni hafa áskotnast með einhverjum hætti, samtímis því að eiga kröfur í eignir eiginkarlsins; það er bannað að gera kröfur í eignir eiginkvænna; skilnaður er karlinum miklu fyrirhafnarmeiri og dýrari í lagalegri framkvæmd; kona getur án viðurlaga yfirgefið fjölskyldu sína andstætt við karlinn (áður fyrri hafði karl rétt til að halda aftur af konu sinni).

Í lögum er kveðið á um algjöra friðhelgi eiginkvænna og jafnframt um sekt og skaðabótaskyldu karlsins, fremji hún glæp gegn honum sjálfum í hjónabandi, sem er einungis að nafninu til. Sektina þarf karlinn sem sé sjálfur að greiða. Sé um sérstaklega skaðvænlegan glæp að ræða, kynni eiginkonan að hljóta fangelsisdóm, en vistun hennar næmi einungis einum tuttugasta af vistunardómi karls fyrir sama glæp. Þegar hún svo losnar úr fangelsi, er karl hennar nauðbeygður til að taka við henni aftur og sjá fyrir henni.

Afbrot kvænna gátu verið alls konar, segir Ernest: „[K]venmorðingi er venjulega látinn laus. Sé konan sakfelld er nær eingöngu um að ræða manndráp af gáleysi (manslaughter), en ekki morð. En vilji svo til, að kona sé dæmd fyrir morð, líður ekki á löngu uns upphefst áróður fyrir því, að hún sé látin laus. Kvenmorðingar komast þannig hjá hengingu, nema einu sinni eða tvisvar á aldarfjórðungi.“ ...

„[R]aunin er sú, að hengingar kvænna hafa verið aflagðar fyrir konur, sem myrða karla sína. Það gildir þó öðru máli, myrði þær aðrar konur eða börn þeirra. En samt sem áður sleppa þær við hengingu, drepi þær eigin kornabörn.“

Ernest fræðir okkur enn: Hver svo sem glæpurinn er, þ.e. ekki einungis dráp eigin ungbarna, er miklu auðveldara á fá dóminn mildaðan en ef um karla væri að ræða. Einnig er það miklu auðveldara fyrir konu að losna úr fangelsi.

Meinsæri: Konur beita einnig þeim klækjum að bera á karla rangar sakargiftir, stunda meinsæri. Þeim er ekki refsað. Sumar læra meinsærislistina snemma. T.d. sinnaðist tveim unglingsstúlkum við föður sinn, þegar hann tók í lurginn á þeim fyrir þjófnað. Þær kærðu hann fyrir að hafa flekað sig. „Það er fyrir því óræð ástæða, að kona skuli álitin ófær um að smána karlmann.“

Kynferðislegt ofbeldi: Tæli kona undir lögaldri karl til samræðis, er hann sekur ger fyrir afbrot. Öðru máli gegnir um drengi undir lögaldri, tældir til samræðis af fullvaxta konu: „Rýja nokkur bar vitni um, að hún hefði tælt til samræðis nokkra drengi, yngri

henni að árum. Áfrýjunardómstóll komst að þeirri niðurstöðu, að drengina skyldi dæma til fangelsisvistar. Konan var laus allra mála.“

Falskar ákærur kvenna um kynferðislegt ofbeldi karla voru þekktar. Árið 1893 segir hinn virti skurð- og kvenlæknir, Robert Lawson Tait (1845-1899): „[Þ]að má ljóst vera, að fjöldi falskra ákæra í þessu efni er ískyggilega mikill.“

Ernest heldur áfram: Stundum eru falskar ákærur framsettar af einskærri hefnigirni, stundum til að þvinga fram hjúskap, stundum til fjárkúgunar.

„[E]nda þótt karlar hendi að því gaman og spaugyrði leiki þeim á vörum, forðast þeir að ferðast aleinir í járnbrautarklefa með ókunnri konu. Þeim er fullkunnugt um það, að bendi kona að honum fingri með ásökun um kynferðislega áreitni, eru honum allar þjargir bannaðar – og gildir þá einu, hver dómur réttarins verður.“

Það var á valdi eiginkonunnar að draga karl sinn fyrir kvenvænan rétt, sem dæmði samkvæmt kvenhollum lögum. Þar að auki var það í hennar valdi, að eyðileggja mannorð hans.

„Berji karl ögrandi konu frá sér – og þá má einu gilda, hversu særandi, ósvífin eða ofbeldisfull ögrunin er - eru viðurlög skilnaður og refsivinna; [aukin heldur] eru eigur hans gerðar upptækar eða laun hans tekin að veði. Allt gengur þetta umsvifalítið fyrir sig fyrir tilstilli löggæsluréttarins [„police court,“ lægsta stig sakadóms].“

Skilnaðarréttur var stofnaður 1857. Síðan hafa öll réttindi eiginkarls verið að engu gerð eða ákvæði þess efnis numin úr lögum, samtímis því hafa öll eldri ákvæði, sem tryggja rétt eiginkvenna, haldið velli, og fleirum bætt við, eins og þeirri, að eiginkarli beri að sjá fyrir ótrúrri eiginkonu jafnvel við skilnað.

Orð Ernest Belfort Bax hljóma eflaust kunnuglega í eyrum þeirra, sem látið hafa sig jafnrétti kynjanna varða. Barátta kvenna hefur um langan aldur verið háð undir fölsku flaggi jafnréttis og að miklu leyti snúist um að viðhalda forréttindum þeirra, skráðum og óskráðum – og jafnvel auka við þau.

Enn þá gera konur kröfur um framfærslu (frá körlum/hinu opinbera); enn þá er mæðrum miklu oftast dæmd forsjá barna, heldur en feðrum; enn þá er miklu harðar gengið fjárhagslega að körlum; enn þá er miklu oftast litið á karla sem kynfauta og misyndismenn; enn þá er liðin alls konar fordæming karla; enn þá er litið mildari augum á afbrot kvenna (sému þau yfirleitt viðurkennd); enn þá hljóta karlar harkalegri dóma; enn þá er konum ívilnað í samfélaginu almennt og yfirleitt. Ástandið er svipað á öllum Vesturlöndum.



Ríkjandi hjónabandslöggjöf Vesturlanda var áþekkt þeirri bresku. Konan stóð þar í skjóli karlsins. Einungis efnahagslega sjálfstæðar konur voru lögaðiljar. Þetta fól m.a. í sér, að erfitt var að koma lögum yfir giftar konur. T.d. var ekki unnt að draga sænska kvensjóræningjann, Christina Anna Skytte, fyrir dóm af þeim sökum. En eiginkarl hennar sat í súpunni. Þegar kosningaréttur kom til sögunnar voru það einungis konur (og karlar reyndar einnig), er voru sjálfs sín ráðandi, sem öðluðust þann rétt.

[https://fiamengofile.substack.com/p/were-all-terrorists-now?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=846515&post\\_id=148384629&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://fiamengofile.substack.com/p/were-all-terrorists-now?utm_source=post-email-title&publication_id=846515&post_id=148384629&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

## **Djöfladýrkunarkvenfrelsun, blót, karlfórnir og sitthvað um kostakonur. XI: Fyrsti kvenforsetaframbjóðandinn, föðurveldið og ófullnægðir kvenfrelsarar**

Kosningaréttur kvenna var – eins og tæpt var á – mikilvæg þungamiðja í kvenfrelsisbaráttunni, sérstaklega um og upp úr aldamótunum 1900. Fjöldi karla lagði þar þung lóð á vogarskálarnir. Meðal annars skrifuðu fjórir þekktustu karlrit höfundar Noregs ávarp til kvenna og þings um breytingar á hjónabandslöggjöfni. Þeir, Björnstjerne Björnsson (1832-1910), Henrik Ibsen (1828-1906), Jonas Lie (1833-1908) og Alexander Kielland (1849-1906), sögðu:

“Hún [konan] verður að skilja og finna, að hún stofni til hjónabands á jafnréttisgrundvelli, hafi sama lagarétt og karlmaðurinn. Slíkt er siðferðilega gott báðum aðiljum og sambúðin mun verða auðveldari, bera vott gagnkvæmri virðingu.”

Margir íslenskir karlmenn voru einnig ákafir talsmenn sömu lýðréttinda handa körlum og konum og brautryðjendur í baráttunni fyrir þeim. Karlar á þjóðþingum Vesturlanda greiddu götu löggjafar, sem tryggði slík réttindi. (Fyrstir voru reyndar karlar í bresku nýlendunni, Nýja-Sjálandi, fyrir aldamótin 1900.)

Þrátt fyrir að karlar Vesturlanda hefðu samþykkt sams konar lýðréttindi handa öllum körlum og konum, hélt kvenfrelsunin áfram. Konur tóku ótvíræða forystu. Spjótunum var beint að svonefndu feðraveldi eða karlaveldi. Kvenfrelsunarfræðimenn á borð við Simone de Beauvoir, Betty Friedan, Carol Hanisch, Juliett Mitchell og Germaine Greer, hafa gríðarleg áhrif.

Boðskapurinn er í hnotskurn sá, að konur eigi körlum illt upp að unna, að karlar um víða veröld hafi verið og séu kúgarar. Kúgunarþörf karla býr í eðli þeirra eða í

samfélagsgerðinni og tungumálinu, sem karlar eru ábyrgir fyrir. Þannig er hvert sveinbarn kúgari.

Bandarískir kvenfrelsarar lágu ekki á liði sínu og efndu til forsetaframboðs 1882. Frambjóðandi þeirra var Victoria Woodhull (1838-1927), verðbréfasali á Wall Street. Hún var eins og Mary Wollstonecraft, ákafur talsmaður frjálsra ásta og kosningaréttar kvenna. Victoria var tekin í eins konar fóstur af auðkýfingnum, Cornelius Vanderbilt (1794-1877), sem studdi hana fjárhagslega. Auðjöfrar hafa ætíð síðan verið rausnarlegir við kvenfrelsarana. Victoria tapaði kosningunum. Hún giftist í þriðja sinn enskum bankamanni 1883.

Í kjölfar annarrar heimstyrjaldarinnar urðu til „Samtök bandarískra kvenna“ (Congress of American Women – CAW). Einn af frumkvöðlum var Bella Dodd (1904-1969). Hún skrifaði bókina, „Myrkraskólann“ (School of Darkness). Þar kemur m.a. fram, að skilgreiningin á föðurveldinu hafi verið sótt til ritgerðar Friedrich Engels, „Uppruna fjölskyldunnar, einkaeignarinnar og ríkisvaldsins.“ Hún er til í íslenskri þýðingu.

Betty Friedan var einnig höll undir byltingar- eða jafnaðarstefnu. Fundist hafa skjöl þess efnis, undirrituð af Betty Goldstein. Goldstein var ættarnafn hennar. Betty kallaði heimilið „þægilegar fangabúðir“ fyrir konur.

Róttækasti kvenfrelsari annarrar bylgju var efalítið Kate Millet (1934-2017). Árið 1960 fór hún fyrir hópi tólf kvenfrelsara, sem strengdu þess heit að gera menningarbyltingu með því að tortíma fjölskyldunni og föðurnum (patriarch). Það þurfti í því skyni að gera hann valdalausán.

Besta vopnið töldu þessi kvenfrelsarar vera að eyðileggja hjónabandið með því að stuðla að lauslæti, greddu (erotism), vændi, fóstureyðingum og samkynhneigð. Kate hefur verið kölluð „Kven-Marx“ og „æðasta gyðja kvenfrelsunar.“ Shulamith Firestone (1945-2012) og Angela Yvonne Davis (f. 1944) tróðu svipaða slóð.

Betty, Kate og fleiri byltingarkvenfrelsarar sóttu innblástur í rit austurríska sálgreinandans, Wilhelm Reich (1897-1957), sem skrifaði um kynlífsbyltingu á fjórða áratugi síðustu aldar. Hann lést í bandarísku fangelsi, ákærður fyrir andbandarískar hugsanir.

Hugmyndir ofangreindra um tortímingu fjölskyldu, karla og samfélags, áttu víðtæka skírskotun meðal kvenfrelsara.

Eins og áður fyrri var djöfladýrkunin ekki langt undan. Árið 1970 kom út ritsafn frá „Kvenfrelsunarhreyfingunni“ (Women's Liberation Movement), sem bar heitið,

„Systralagið er öflugt“ (Sisterhood is Powerful). Ritstjóri er Robin Morgan (f. 1941), kvenfrelsunarskáld og stofnfélagi í félagsskapnum, „Róttækum konum í Nýju Jórvík“ (New York Radical Women).

Í Bandaríkjunum spruttu víða upp einhvers konar djöfladýrkendahópar eða Alþjóðleg hryðjuverkasamsæri úr Helvíti (Women's International Terrorist Conspiracy from Hell – WITCH). Það vakti m.a. fyrir þessum kvenfrelsunarsamsærimönnum úr Helvíti að uppgötva gyðjuna innra með sér.

Bandaríski sálfræðingurinn, Phyllis Chesler (f. 1940), er stórveldi í röðum kvenfrelsara. Í bók sinni: „Kvenfrelsari á röngunni í stjórnmalunum: Um að stofna hreyfingu með tæfum, brjálæðingum, lespum, undrabörnum, stríðsmönnum og undrakonum (A Politically Incorrect Feminist: Creating a Movement with Bitches, Lunatics, Dykes, Prodigies, Warriors, and Wonder Women), segir hún m.a.:

„Það er trú mín, að frumorsök að stofnun feðraveldisfjölskyldunnar hafi verið þungun í kjölfar nauðgunar. Það er mikilvæg staðreynd þróunarinnar (biological fact). Sömuleiðis var þörf karlsins fyrir að sanna erfðalegan ódauðleika sinn svo sterk, að hann taldi sig eiga rétt á að leggja undir sig konukroppinn til að tryggja það, að afkvæmi hans kviknuðu af eigin sæði.“ ...

„[Í] mínum huga er enginn leið önnur fær til að sigrast á feðraveldinu eða velta því úr sessi, en að hrifsa völdin.“ Í draumi Phyllis verður hið goðsagnakennda kvennasamfélag (Amasónurnar) endurreist, þar sem „... allar konur virtust geta stefnt að og öðlast fullkominn mannleika.“ Öðru máli gegnir um karla: „[E]invörðungu karlar, hafi þeim á annað borð verið leyft að tóra, voru valdalausir og kúgaðir á fjölmörgum sviðum.“ ...

„Það er ljóst, að kvenkyns kvenfrelsarar verða hægt og bítandi að ná undirtökunum í opinberum stofnunum og félögum (social institutions) og drottna yfir þeim- .... [Þ]að vinnur einfaldlega gegn hagsmunum kvenna að styðja feðraveldið eða jafnvel hið upplogna „jafnrétti“ við karla.“

Kvenfrelsarar eru langt komnir með þetta ætlunarverk. Baráttan heldur þó áfram. Enn er þeim ekki fullnægt. Viðkvæðið er oft og tíðum: Jafnrétti okkar eykst, en betur má, ef duga skal, baráttan heldur áfram.

Í Ástralíu er t.d. eftirtektarverður baráttuhópur kvenna, sem kallar sig „Heiftúgðu nornabullurnar“ (Mad Fucking Witches – MFW). Nýlega reyndu þessar kvennornir að

koma í veg fyrir að haldin yrði í Sidney ráðstefna um ranga kynofbeldisdóma gagnvart körlum.

[https://fiamengofile.substack.com/p/the-victim-is-always-female?utm\\_source=podcast-email&publication\\_id=846515&post\\_id=148540718&utm\\_campaign=email-play-on-substack&utm\\_content=watch\\_now\\_button&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://fiamengofile.substack.com/p/the-victim-is-always-female?utm_source=podcast-email&publication_id=846515&post_id=148540718&utm_campaign=email-play-on-substack&utm_content=watch_now_button&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

## Djöfladýrkunarkvenfrelsun, blót, karlfórnir og sitthvað um kostakonur. XII: Frelsunarbylgjur og kvenveldisávarpið

Þegar í fyrstu bylgju kvenfrelsunar voru rauðu þræðirnir í baráttu hreyfingarinnar þessir; 1) frjálst kynlíf, tortíming fjölskyldu og hjónabands, 2) endurgerð samfélagsins og 3) glingrur við hið dulspekilega (occult).

Síðari bylgjur eru að miklu leyti endurtekið efni. Það endurspeglast t.d. í „Kvenveldisávarpi“ Valerie Jean Solanas (1936-1988), sem nýtur mikillar hylli kvenfrelsara. Ávarpið hefur orði kynsysturum innblástur til frekari hatursskrifa.

Valerie Jean var bandarískur, sálfræðimenntaður rithöfundur. Hún er einkum þekkt fyrir morðtilræði gegn listamanninum, Andy Warhol (1928-1987), árið 1968, ári eftir, að hún gaf út kvenveldisávarpið eða „SCUM Manifesto.“

Kverið markar þáttaskil í kvenfrelsunarfræðunum. Ofstopi, ofbeldi, hatur og öfgar, hafa þó ævinlega sett mark sitt á kvenfrelsunarbaráttuna. Í kverinu leggur Valerie þunga áherslu á gildi ofbeldis í byltingarkenningu sinni. Með útgáfunni skipaði hún sér í úrvalssveit kvenbyltingarstjórnleysingjanna, ásamt t.d. sálfræðingnum og sállækninum, Phylis Chester (f. 1940).

Áberandi kvenfrelsara á borð við heimspekinginn, Ti-Grace Atkinson (f. 1938), og lögfræðinginn, Florynce Rae Kennedy (1916-2000), töldu hana „fyrstu framúrskarandi hetju baráttunnar fyrir kvenréttindum“ og „hetju kvenfrelsunarhreyfingarinnar.“

Kvenveldisávarpið veitti margvíslegan innblástur herskáum baráttuhreyfingum kvenfrelsara eins og samkynhneigðu hefndarenglunum (Lesbian Avengers) og skæruliðastelpunum (Guerilla Girls). Ávarpið hefur hins vegar miklu víðtækari

skírskotun í kvenfrelsunarhreyfingunni. Það er herkænskubiblía kvenfrelsaranna, mikilvægur hugmyndafræðigrundvöllur þriðju bylgju kvenfrelsunar- og þeirrar fjórðu- sem hófst fyrir áratugi eða svo.

Látum Valerie hefja upp raust sína: Karlmaðurinn stjórnar samfélaginu, enda þótt hann beri hvorki skynbragð á rétt né rangt. Hann er samviskulaus, firrtur sjálfi. Þar sem hann er ófær um að vinna með öðrum og þrugaður af eðlislægri samkeppni, vaknar þörfin fyrir leiðsögn og stjórnun að ofan. Þess vegna skapaði hann yfirvöld af ýmsu tagi og sá til þess, að þau væru karlkyns til að styrkja eigin karlmennskuímynd.

En karlinn er dauðhræddur við aðra kynbræður sína. Því leitast karlmenn við að vera eins, kynstofn einn og samur. „Hann hefur þó döggun í sér til að vera frábrugðinn öðrum að því marki að gangast við viljaleysi sínu og þránni til að vera kona, þ.e. öfugkynsprá.“ Þeir, sem lengst ganga, eru klæðskiptingar, kvendrottningar. Karlinn er svekktur yfir því að vera ekki kona, vera ófullkominn, og verða stöðugt fótaskortur.

Karlinn fann upp trúarbrögð og heimspeki til að reyna að ráða bót á tilgangsleysi sínu, fylla upp í innra tóm sitt. Í list sinni leitast hann við að færa sönnur á, að hann sé konunni fremri, jafnvel þótt honum sé ofviða að skapa. Reyndar hryllir hann við menningu, fólki, borgum og aðstæðum, þar sem þarf að ná sambandi við fólk, því hann er aflokaður í sjálfum sér, ófær um að teygja sig til annars fólks, tilfinningalega einangraður. „Karlinn ... situr á svikráðum og einu viðeigandi viðhorfin í karlasamfélaginu eru tortryggni og kaldhæðni.“

Brýna nauðsyn ber til að bylta slíku samfélagi eins og gefur að skilja, stofna samfélag skynsemisvera. „Þegar best lætur er samfélag vort drepleiðinlegt, að engu leyti boðlegt konum. Það liggur fyrir ábyrgum konum, sem láta sig samfélagið varða og sækjast eftir unaði og spennu, að velta ríkisstjórninni úr sessi; uppræta peningakerfið, innleiða fulla sjálfvirkni og eyða karlkyninu.“

„Lög, ríkisstjórn og leiðtogar eru ónauðsynlegir í samfélagi skynsemisvera, sem búa yfir samhygð; fullskapaðar og firrtar þörf fyrir samkeppni.“ Ást skynsemisveranna er mikilvæg: „Ást getur ekki blómstrað í samfélagi peninga og inntakslausrar vinnu; þörf er fullkomins frelsis á sviði efnahags og einkalífs; [þörf er] frístunda og tækifæra til að sinna í algleymi lífernri, sem er tilfinningalega fullnægjandi [og] að lifa meðal þeirra, sem metnir eru að verðleikum; [þörf er] lífernri, þar sem hnýtt eru sterk vináttubönd.“

Fólk á ekki að þurfa að vinna meira, heldur en tvær til þrjár stundir á dag í mesta lagi. „En það eru ómennskar ástæður fyrir því, að karlar vilja halda í peningakerfið; til að

ástunda kynlíf með konum (pussy) í þeirri von að verða heilar mannverur; til að blekkja með nytsemistálsýninni, því ófærir um ást verða karlmenn að starfa; til að stjórna og beita valdi; til að bæta upp meðfætt ástleysi, gefa peninga; til að skapa markmið og tilgang; til að leggja grundvöll að föðurlutverkinu, sem er geðveiki líkast, þ.e. að stjórna og ráðskast með börn og girnast dætur sínar.“ ... „Útrýming launavinnu mun ... frelsa konur undan oki karla, en ekki fjárhagslegt jafnrétti.“

Eins og gefur að skilja er um að ræða kvenbyltingu: „Því karlbyltingarmaður er skrumstæling; þetta er samfélag karlanna, hannað af karlinum til að fullnægja þörfum hans. Hann er aldrei ánægður, því hann er ófær um ánægju. Þegar allt kemur til alls, er bylting karlsins uppreisn gegn eigin eðli.“

Því eru örlög kvenna sjálfgefin: „Konan mun, hvort sem henni líkar betur eða verr, taka öll völd í fyllingu tímas, jafnvel þótt væri bara af þeirri einu ástæðu, að hún neyðist til þess – þegar öllu er á botninn hvolft hverfur karlinn af sjónarsviðinu.“

En ætli karlar eygi vonarglætu? Það „rennur sífellt skýrar upp fyrir þeim [körlum], að hagsmunir kvenna séu þeirra hagar; að þeim sé einungis fært að lifa fyrir tilstuðlan kvennanna; að aukin hvatning til kvenna til að lifa lífi sínu og rætast sem konur, en ekki karlar, geri hann sjálfan lífvænlegri. Þeim er orðið ljóst, að auðveldara sé að lifa fyrir tilstuðlan kvenna, heldur en að hrifsa til sín eiginleika þeirra, ...“

Áður en sjálfvirknin hefur verið innleidd og vélar koma í stað karla „ætti karlinn að gera konunni gagn, þjóna henni til borðs, hlaupa eftir duttlungum hennar, hlýða hverju og einu boði hennar, beygja sig fullkomlega í duftið fyrir henni, ...“ Það er ofur skiljanlegt háttalag í ljósi eftirfarandi: „Á sama hátt og mannverur hafa æðri tilverurétt, heldur en hundar, því þær eru þróaðri og hafa yfirburðavitund, hafa konur æðri tilverurétt, heldur en karlar.“

Beygi hann sig í duftið með ofangreindum hætti, kynni að vera von, því líf konunnar snýst um að skapa tengsl, láta ljós sitt skína, elska og vera hún sjálf. Líf karlsins snýst um að framleiða sæði.“ ... „

[L]íf konunnar snýst [enn fremur] um að skoða, uppgötva, finna upp, leysa vanda, skapa hnyttinyrði og semja tónlist – allt í anda ástarinnar.“ Sæðisframleiðendurnir gætu líka reynt að sækja um inngöngu í hjálparsveitir kvenna til að bjarga skinni sínu, enda þótt „[s]érhver karlmaður gangi ekki að því gruflandi, að hann sé jafnvirði skíts.“ En þrátt fyrir þetta er „karlinum ljóst, að upplýst og vitundarvakinn kvenþjóð boðar hans skapadægur.“

Karlinn er bágstödd vera, ef veru skyldi kalla, því „[k]arlinn er þróunarslys ... ófullkomin kona, fóstureyðing í lifanda lífi, ónýtur á erfðavísistigi.“ ... „Karlinn er skertur, býr við tilfinningalega takmörkun. Karlmennska er skerðingarsjúkdómur og karlar eru tilfinningalegir krypplingar.

Karlinn er að öllu leyti sjálfhverfur, gildra sjálfum sér, ófær um samúð og samkennd, ást, vináttu og blíðu. Hann utangarðseining, ófær um að stofna til sambands við annað fólk. Viðbrögð hans eru einvörðungu eðlislæg, firrt vitundarstjórn; greindin er tæki, sem stjórnað er af hvötum og þörfum hans; ástríða er honum fjarri sem og andleg samskipti; hann skynjar ekkert annað heldur en innri hræringar.

Karlinn er hálfdaður, fáskiptið dauðyfli, ófær um að veita og þiggja unað eða hamingju; ...“ Karlinn er „ ... uppnagaður af sektarkennd, ótta og óöryggi; tilfinningum, sem eiga rætur í karleðlinu...”

Snúum okkur að byltingunni. Afhausarafélagið (SCUM – Society for Cutting up Men) leiðir byltinguna. Forystusveitin er skipuð úrvalskonum, afhausurum. Afhausarar eru „konur, sem búa yfir sjálfstjórn og eru eftir atvikum viti bornar (cerebral) og eru nánast firrtar þörf fyrir kynlíf; eignir hefta þær ekki, ei heldur aðlaðandi viðmót, háttprýði, almenningsálit, siðvendni, virðing fyrir fábjanum, ...“

„[E]f mikill meirihluti kvenna væru afhausarar (SCUM), myndu þær á nokkrum vikum hrifsa til sín öll völd með því að leggja niður vinnu og þar með lama alla þjóðina.“ ... „Ef konur gæfu karla upp á bátinn og neituðu að hafa saman við þá að sælda nokkru sinni, alla karla þ.m.t. ríkisstjórn, þá yrði hagkerfi þjóðarinnar lagt í rúst.“

Konur gætu einnig náð fullkomnum yfirráðum yfir körlum, jafnvel án þess að yfirgefa þá í ljósi yfirburða sinna og valds. „Í heilbrigðu samfélagi myndi karlinn vera hlýðinn konunni, því eiginlega er karlinn auðsveipur og leiðitumur, lætur sér ljúfur lynda drottun sérhverrar konu, sem hefur nennu til þess að drottna yfir honum..“ Í ljósi þessa stendur baráttan milli afhausara og pabbastelpna, sem m.a. eru alúðlegar, skynlausar, ósjálfstæðar, smeykar, kúgaðar, háttprúðar, siðvæddar, aðgerðafælnar, og þurfa sterkan karlmann sér við hlið.

Hugmyndin um yfirburði kvenna sækir Valerie til Eliza W. Farnham (1815-1864), í bók hennar: „Konan og samtíðin“ (Woman and Her Era). En Valerie heldur áfram:

„Það þarf reyndar ekki nema lítinn hóp afhausara til að taka völdin innan árs með því að tæta í sundur kerfið, eyða völdum eignum og myrða.“ Úrvalssveitin er skipuð drápsmönnum. „Afhausarnir munu ganga milli bols og höfuðs á öllum körlum, sem

ekki eru skráðir í hjálparsveitir þeirra. Það eru karlar, sem eru mauriðnir við að tortíma sjálfum sér ...“ Játning þeirra skal hljóma: „Ég er skíthæll, já, lúalegur, fyrirlitlegur skíthæll.“

Í kvenveldinu skyldu konur ekki ganga að því gruflandi, að „[k]arlinn [sé] ómannleg skepna, ... sem eðli sínu samkvæmt [sé] blóðsuga, tilfinningalegt sníkjudýr. Þess vegna er líf hans ekki réttlæt看legt úr siðferðilegu sjónarhorni séð, þar sem enginn hefur rétt til að lifa á kostnað annarra. ...

Því er tortíming karlkynsins réttlát og góð gjörð, sem kemur konum vel, samtímis því að vera líknargjörningur.“ En það er ekki víst, að til þessa komi, því til viðbótar hinum sígildu stríðum, fækkar karlmönnum sökum fíkniefnadauða og öfug- eða samkynhneigðar, þ.e. hann gengst við því að vera kona.“

Fyrir og eftir byltingu (þ.e. sé körlum enn til að dreifa) verða konur að halda vöku sinni m.a. vegna þess, að kynlíf karlsins er dýrslegt: „Það er karli upphafning, sé hann kallaður dýr; hann er vél, gangandi reður ... þráhyggja hans er að serða.“

Skýring er vandfundin: „Sjálfsfróun dugar til að losa spennu. Spennulosun er því ekki svarið. Það er ekki styrking sjálfsins, því hún skýrir ekki samfarir við lík og hvítvoðunga. ... Samfarir eru því örvæntingarfull árátuhegðun, viðleitni karlsins til að sýna fram á, að hann sé ekki vanvirkur, sé ekki kona. En [engu að síður] er hann vanvirkur og langar að vera kona.

Karlinn er ófullgerð kona og leitast því við í lífi sínu að verða [alvöru]kona.“ Hann umgengst konur, vingast við þær og staðhæfir, að dæmigerðir eiginleikar kvenna séu í rauninni hans, þ.e. „tilfinningaþróttur og sjálfstæði, dugur, atorka, ákveðni, sjálfstjórn, hlutlægni, skörungsskapur, hugrekki, ráðvendni, fjör, styrkur, manngerðarþroski, fágæti og svo framvegis. Einkennum sjálfra sín varpa þeir yfir á konur: hégóma, léttúð, smámunasemi, breyskleika og svo framvegis.“

En hvernig skyldi æxluninni vera háttáð í kvenveldinu? Þegar hér er komið sögu gæti vel verið, að kvenkarlarnir væru ekki lengur tilkippilegir, þar eð kynmök eru vörn karlsins gegn ósk sinni um að vera kona. Upphafsmáður sálgreiningarinnar, Sigmund Freud (1856-1939), hafði nefnilega á röngu að standa í kenningu sinni um fyðilöfund kvenna:

„Konur ... ala ekki á fyðilöfund; karlar [aftur á móti] þjást af láfuafbrýði.“ Það eru raunar öll tormerki á kynlífsástundun: „Kynlíf er athvarf hinna skynlausu. Og því skynlausari sem konan er, því dýpra hefur hún gefið sig á vald karlmenningunni. Í



hnotskurn; því viðkunnanlegri sem hún er, því graðari er hún. ... Viðmótsþýðustu konurnar í samfélagi voru eru með brókarsótt.“

Kynlíf „er reynsla í einmannaleika, ófrjó, stórkostleg tímasóun. Konur geta auðveldlega – miklu auðveldar, heldur en þær grunar – afmáð kynhvötina, svo þær sitji algjörlega við eigin stjórnvöl og frjálsar að því að stofna til gildra sambanda og athafna; ...“

Það verður að leita annarra leiða við æxlun. Það er ekki einvörðungu, að kynlíf sé tímasóun, heldur býður faðirinn hættunni heim: „Faðirinn elskar ekki börn sín, því hann er tilfinningalega bæklaður. ... sorp.“ ...

„Áhrif feðra hafa orðið til þess að tæra veröldina með karlmennsku.“ ... „Æxlun án aðkomu karla er tæknilega kleif... Við þurfum að láta hendur standa fram úr ermum í þeim efnum. Varðveisla karlsins er ónauðsynleg, jafnvel þótt litið sé til hins vafasama tilgangs að æxlast.“

Segja má, að inntakið í Kvenveldisávarpi endurspeglar í áætlunum Alheimsefnahagsráðsins (World Economic Forum) og Sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Þar er lögð áhersla á sérstaka valdeflingu kvenna og dætra þeirra.

Hugmyndir Valerie Jean voru og eru enn viðteknar í kvenfrelsunarhreyfingunni. Mary Daly (1928-2010), samtímamaður hennar, sagði t.d.

„Afeitrun jarðarinnar verður að eiga sér stað, eigi líf að þrífast til framtíðar. Ég hygg, að hún verði samhlíða þróun, sem hafi í för með sér verulega fækkun karlmanna.“

Andrea Dworkin (1946-2005) var einn meginhugsuða kvenfrelsunarhreyfingarinnar. Hún skrifaði:

„Samræði fólks af gagnstæðu kyn felur í sér hreina og beina (formalized) fyrirlitningu á kvenlíkamanum. ... Sonur sérhverrar konu í feðraveldinu situr hugsanlega á svikráðum við móður sína. Hann er óhjákvæmilega nauðgari eða kúgari annarra kvenna.“ ...

„[Karlinn] lifir og hrærist í anda yfirburða sinna, sem hann rekur til tilvistar reðursins. [Konan] hrærist í heimi niðurlægingar og lítillækkunar, þar eð hún er talin óverðug. Kynferðið er bölvun hennar. ...

Mig dreymir um að sjá karl svo lúbarinn, að hann liggja í blóðbaði með skóhæl á kafi í munni sér sem væri epli í gini svíns.“ Andrea mælir með að konur útrými körlum, sem standa í vegi fyrir þeim.

Susan Brownmiller (f. 1935): „[Nauðgun er] ásetningur allra karla og leið til að halda öllum konum í stöðugri skelfingu – nauðgun er í sjálfu sér ofbeldi, valdbeiting, ekki nautn.“

Catherine MacKinnon (f. 1946): „Að mínum dómi er ævinlega um nauðgun að ræða, eigi kona kynlíf og þyki sér misboðið. [S]amfarir gagnkynhneigðra er nauðgun, þar eð konur almennt hafa ekki nægan styrk til að gefa merkingarbært samþykki [til þess arna].“

Yngri kvenfrelsarar hafa tekið við keflinu og heygja stöðugt stríð við karla og drengi. Einn þeirra er egypsk/bandaríski blaðamaðurinn, Mona Eltahawy (f. 1967):

“Ég bið fólk að hugleiða ... sviðsmynd, þar sem við [konur] myrðum ákveðinn fjölda karlmanna í viku hverri. Hversu mörgum þyrftum við að lóga, þar til feðraveldið sest niður handan borðsins og segir: „Gott og vel, látum gott heita. Hvað getum við gert til að stansa aflífunina? ... „Hversu marga karla þurfum við að drepa svo þeir hætti að nauðga okkur.““

Hugsanlega hefur ómakinu þó verið lyft af kvenfrelsunardrápssveitinni, því veiru- og bóluasetningahersveitin stuðlar beinlínis að eiturefnageldinu (chemical castration), samkvæmt uppljóstrara frá fyrirtækinu. Það hefur verið staðfest í óháðum rannsóknum.

Spænski kennarinn, Aurelia Vera, flytur heldur mildari boðskap: „Við þurfum að láta okkur lynda (dabble) úrval [drengrja] til geldingar. Ef þú vanaðir son þinn, væri hann ekki fær um að eignast börn. [Aukin heldur] væri honum hlíft við fjölda kynvakastýrðra breytinga, sem hafa í för með sér [aukna] líkamsburði. Þrótturinn kemur úr kynkirtlunum. Svo verða raddir þeirra áfram barnslegar.“

Shaykha Alia: „Mér svellur móður við þá tilhugsun, að geta ákært sérhvern þann karlmann, sem ég hata eða er í nöp við, fyrir að hafa þuklað á mér fyrir þrjátíu og fimm árum síðan, og rústað lífi hans, án sannanna. Ég þakka þér, kvenfrelsun! ...

Ef þú hefur syni þína á brjósti ertu [í raun] að þjálf þá sem nauðgara, þegar þeir komast til vits og ára. Þú ert í raun rétttri að kenna þeim, að þeir geti þuklað á konu, þegar þeim sýnist. Sértu andsnúin nauðgunum, skaltu hætta að gefa drengjum brjóst.“

Sarah Jeong (f. 1988): „Það er engin þörf fyrir herkvaðningu. Við þurfum geldingarhappdrætti fyrir hvíta karla. Mánaðarlega drögum við út afmælisdag, sundurgreinum þá óþörfu og bregðum skærunum á nokkra poka [punga], helst við fjölmenna, opinbera samkomu.“

Linda Westerlund Snecker (f. 1983): „Hvað nauðgurum viðkemur er erfitt að greina hafrana frá sauðunum. [Þ]ar af leiðandi gerum við ráð fyrir því, að allir karlar séu nauðgarar. Þetta er hinn hryllilegi sannleikur. Hér er um samfélagsvanda að ræða og þess vegna ber körlum að gangast við sameiginlegri ábyrgð sinni – öllum sem einum.“

Emily McComs ritstjóri HuffPost (2022): „Áramótaheitin: 1) rækta sambönd við vinkonur, 2) bindast samtökum til að drepa alla karla.“

Þetta er svipað haturssvall og hjá kvenfrelsunarlangömmunni, Elizabeth Cady Stanton, sem hét því, að kvenfrelsarar myndu leysa úr læðingi umsvifamestu byltingu í sögu mannkyns:

„Karlinn er þrunginn tortímingu; harðneskjulegur [og] sjálfselfur. Hann unnir stríði, ofbeldi [og] sigurvinningi, miklast af sjálfum sér og leggur að fótum sér. Eins og í hinum veraldlega heimi sáir hann í siðferðið ósætti, glundroða, sjúkdómum og dauða.“

[https://bettinaarndt.substack.com/p/momentous-conference?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=448263&post\\_id=148565804&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://bettinaarndt.substack.com/p/momentous-conference?utm_source=post-email-title&publication_id=448263&post_id=148565804&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

## **Djöfladýrkunarkvenfrelsun, blót, karlfórnir og sitthvað um kostakonur XIII: Stríðið gegn körlum og feðrum heldur áfram og bágstöddum konum fjölgar**

Kvenfrelsunarstríð gegn körlum hefur verið háð, síðan um miðja nítjándu öld, en grimmilegast hefur það verið síðustu hálfu öldina. Boðskapnum um karlillskuna er stöðugt haldið að drengjum og körlum. Drengjum er meira að segja kennt um hana í skólum.

Í upphafi voru trúboðarnir háðir styrkjum frá auðkýfingum, en smám saman hefur ríkisvaldið tekið við, sett löggjöf um frelsun kvenna frá körlum og fjármagnað trúboðið. Samtímis hefur það sett á stofn ógnarlegt skrifræði um málaflokkinn. Sama

þróun hefur orðið á alþjóðavettvangi. (Sjá t.d. bók Frank S. Zepezauer: The Feminist Crusade: Making Myths and Building Bureaucracies.)

Botnlaust hatrið hefur sett svip sinn á bæði (öllum) kyn. Körlum og feðrum er kastað fyrir róða. Karlmenntan brenglast eða hverfur. Börn njóta síður föðurhandleiðslu. Því er það, að drengir draga sig í hlé í samfélagi og skóla, missa námslega niður um sig og vilja gerast konur. Stúlkur finna einnig sárt fyrir föður- og karmenskuleysi. Þær reyna að bæta sér það upp með því að gerast karmenn.

Konur verða grimmar og vænisjúkar. Sharon Stone (f. 1958), segir t.d.: „Vald mitt til að meiða karmenn eykst með aukinni frægð og valdeflingu.“ Það er kvenfrelsunardygð.

Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir: „Veruleiki kvenna er þessi. Kynbundið ofbeldi ógnar lífi þeirra og heilsu. ... Vondi karlinn á sér enga eina birtingarmynd, hann er alls staðar og hvergi og þú veist aldrei hvort eða hvenær þú mætir honum. Stundum þekkir þú hann bara af góðu einu þar til hann snýst gegn þér. Stundum laðar hann þig til sín og brýtur á þér.“

Deilt er um afleiðingar kvenfrelsunar. Carrie Gress heldur því fram, að kvennabaráttan (feminism) hafi afnumið (abolish) konuna. Hún lýsir ástandinu svo:

„Grenjandi karlkonur (trans women), úrþvættis kveníþróttamenn. Mæður láta eyða stúlknafostrum. Látalætiskarlar (drag queen) draga dár að konum. Konur eru hnepptar í nautnaþrældóm karla – eða hneppa sig sjálfar. Kvenfrelsunin kemur ekki í veg fyrir þessa harmleiki. Hún stuðlar að þeim.“

Áhyggjulaus sjálfsdýrkun hefur valdið hagnýtingu (exploit) konunnar, gert hana óhamingjusama, háða ríkisvaldinu og att henni í stríð við karmenn. Þrátt fyrir það hanga kvenfrelsarar eins og hundar á roði á hugvillunni um frelsun.“

Samfélagið er komið fram á gnípu, segir Carrie. Einungis enduruppgötvun sannrar kvenmenntu og móðurinnar getur bjargað samfélaginu frá falli. Hamingjuna geta konur einungis höndlað, leiti þær friðar við karla, við börn, við Guð – og ekki síst við sjálfar sig. Það er ekki síður erfitt.

Carrie býður öllum fórnarlömbum kvenfrelsunar að ganga út úr myrkrinu á vit ljóssins. Dyrnar eru opnar að uppljómaðri vistarveru. Komið heim, segir hún!

Carrie sækir stuðning til Shari L. Thurer, sálfræðiprófessors við háskólann í Boston, sem þó snýr rökfærslunni um feðraveldið á haus. Í áður nefndri bók sinni:

„Goðsögnum um móðurgjörninginn. Hvernig menningin endurskapar hina góðu móður“ (The myths of motherhood: How culture reinvents the good mother), skrifar Shari t.d.:

„Um miðja tuttugustu öldina var móðirin talin uppspretta gjörvallrar þeirrar eyndar, sem samfélagið hrjáði. Þetta var blómaskeið óhróðursins um móðurina. Móðirin var orðin að skrímli í bókmenntum, fjölmiðlum, félagsfræði, sálfræði og jafnvel í kvenfrelsunarfræðunum.“

En árás kvenfrelsunarsystranna var misráðin. „[þ]egar hin nýja bylgja kvenfrelsunar [þ.e. önnur bylgja] náði hámarki sínu síðla á sjöunda áratugi síðustu aldar, var [árásin á] móðurgjörninginn fyrsta stórslysið.“

Því varð til andófshreyfing kvenfrelsara með bandaríska rithöfundinn, Adrienne Cecile Rich (1929-2012), í broddi fylkingar. Hún ól upp börn sín á sjötta og sjöunda áratugi síðustu aldar og skrifaði um hið dulda ofbeldi gegn þeirri stofnun, sem móðurgjörningurinn var. Og gegn móðurinni sem slíkri, sem þjáðist undan „sektarkennd, aflvana með ábyrgð á lífi manna, [undan] áfellisdómum og fordæmingu, ásamt óttanum við eigið vald- sekt, sekt og aftur sekt.“

Adrienne boðaði í bók sinni, „Kona er fædd“ (Of Woman Born), að kúgun kvenna fælist ekki í móðurgjörningnum sem slíkum, heldur í feðraveldinu.

„Kvenfrelsarar dásömuðu nú móðurgjörninginn sem velþóknanlegan og hugsanlega frjóvgandi og gefandi valkost [í lífinu], jafnvel fyrir „frelsaða“ konu,“ segir Shari.

Hvað sem frelsun konunnar líður sitja margar þeirra við sama heygardshorn og Júdíth í Biblíunni, gamla Testamentinu:

„Nú vildi svo til, að Assýríumenn sátu um heimaborg hennar [Betúlíu í Ísrael]. Herföngi þeirra var Holofernes. Júdíth tók það til bragðs að afklæðast sorgarbúningi sínum, laugaði kropp sinn lögulegan, íklæddist kynþokkafullum fötum, skryddi sig skarti og djásnum, svo karlar Betúlíu yrðu langeygir, þegar þeir berðu hana augum. Og það skipti engum togum. Herfönginn var dreginn á talar og stunginn til dauðs. Biblían getur einnig margra kvenna af sama toga. Upprunalega þjóðsagan gæti verið um sjö þúsund ára gömul.“

Kyntöfrabrellunni er enn þá beitt í stríðinu gegn körlum og til að koma sér á framfæri. Kamala Harris er áberandi dæmi um þessar mundir.

En þrátt fyrir kyntöfrana og frelsið (sem þó ekki er nógsamlegt) verða konur stöðugt vansælli og neyta fleiri hamingjulyfja en nokkru sinni áður. Niðurstaðan í könnun Hagrannsóknastofu Bandaríkjanna frá 2009 (National Bureau of Economic Research), er þessi:

„Konur með hvers konar menntun að baki verða óhamingjusamari, eftir því sem tíminn líður. Hamingjuhrapið er þó mest meðal kvenna með einhvers konar háskólamenntun (college).“

Vansældin slær vitaskuld út í hjónabandinu. Í sjötíu af hundraði tilvika óskar konan skilnaðar. Í kjölfarið „giftast“ margar þeirra hinu opinbera.

En það ber ekki á öðru en að stundum sé um fjárplógsstarfsemi að ræða. Niðurstaða skilnaðar er konum yfirleitt í hag. Þær bera meira úr bítum. Flestar fara fram á skilnað á aldursbilinu 25 til 45 ára, þegar „valdeflingin“ er áköfust.

Nú er svo komið, að konur – almennt séð – ráða yfir verðmeiri eignum og meiri fjármunum en karlar. Það er þó ekki sjálfsaflafé. Þær auðgast við skilnað eða arf. Konur lifa almennt um fimm árum lengur en karlar. Því má við bæta, að konur eyða almennt meira en karlmenn. Þær kaupa meira að segja sextíu af hundraði allra bíla.

Í bók sinni, „Konan líður undir lok“ (The End of Women), segir Carrie Gress: „Sjálfsvíg, þunglyndi, fíkniefnaneysla og kynsjúkdómar, hafa aukist verulega síðustu fimm áratugina. Konur verða ekki lukkulegri heldur lyfjaðri.“

Kvenfrelsunarhreyfingin hefur í áranna rás verið drifin áfram af vængbrotnum konum, bætir Carrie við. „Þessar týndu stúlkur hafa mótað konur líðandi stundar – og karlmenn. [Þær hafa] úthugað grundvöllinn að kynjastjórnmalunum (gendered politics) og siðboðum,“ heldur Carrie áfram. Sjálf kvenfrelsunarmóðirin, Mary Wollstonecraft, gerði tvær sjálfsvígstilraunir.

Phyllis Chesler talar um týndu stelpurnar (lost girls); Kate Millet, Shulamith Firestone, Andrea Dworkin, Gloria Steinem og Valerie Solanas, en gleymir sjálfri sér. Allar voru þær alvarlega bágstaddar; geðsjúkar, fórnarlömb kynofbeldis, fíkniefnaneytendur, laskað samband við móður eða föður, þunglyndi, fóstureyðingar og lögbrot.

Sálufélagar týndu stelpnanna eru illkvittnu (mean) stelpurnar, sem víða ber fyrir augu. Carrie segir:

„Illkvittnu stelpurnar eru þær, sem fela gögn, villa um fyrir eða ljúga blákalt um atriði, sem kynnu að skaða kvenfrelsunarhreyfinguna- illkvittin bolabrögð (tactics). Barátta

kvenfrelisara hófst með rangri spurningu og lausnin var röng. Kvenfrelisarnir hafa þurft að reiða sig á vald, blekkingar (manipulation) og stjórnun. Þannig hafa aukin áhrif verið þvinguð í gegn. Kvenfrelisurum hefur auðnast að kæfa andstöðu, að miklu leyti með niðurlægingu og þöggun.“ Carrie tekur Phyllis Schlafly (1924-2016) sem dæmi. Hana átti að brenna á báli.

Carrie segir aukin heldur: „Þar sem kvenfrelisunarfræði hafa komið í stað trúarbragða, koma kvendrottningarnar í stað prestanna, og prédika guðspjall óánægju, sjálfsástar, sjálfhverfu (narcissism), tilbeiðslu og mannfórna. Þetta er orðin hin svala trú, þar sem úrvalið og fræðgarfólkið tilbeiðir (eða er tilbeiðið).“

Það er engu líkara en fóstureyðing sé orðin eins konar kvenfrelisunarhelgígsla, sbr. þessi orð ungrar konu á TikTok:

Ef til þess kemur, að ég láti eyða fósturi, skaltu reiða þig á að slegið verði upp veislu; kökur skreyttar með eyddum fósturum og kokteill í boði. Ég mun kalla blönduna „eydd fóstur.“ Ég mun svalla með vinum mínum og við munum hvoma í okkur góðgæti, sem minnir á dauð fóstur.

Það vill reyndar svo til, að fóstur eru brytjuð niður til líffæragjafa og til lífefnaiðnaðar. Starfsmaður á fóstureyðinastöð (Planned Parenthood) hefur lýst hryllingi sínum, þegar fullburða fósturi/barni var lifandi stungið inn í frysti.

<https://wattsupwiththat.com/2024/08/10/wef-climate-change-causes-pakistani-men-to-beat-up-their-wives/>

## **Djöfladýrkunarkvenfrelisun, blót, karlfórnir og sitthvað um kostakonur. XIV: Niðurlag**

Kvenfrelisrar eru skrítnar skepnur, sem skipast í mörg horn. Móðureðli, hjónaband, vændi, kynskipti og kvenlíki (cyborg feminism), hafa valdið heiftarlegum deilum í sögu hreyfingar þeirra og klofið í herðar niður. Þeir eru þó allir sammála um, að karlar séu kúgarar kvenna.

Síðustu áratugina hafa yngri kvenfrelisrar svarað kalli frá mæðrum og ömmum um þátttöku á öllum opinberum sviðum mannlífsins. Samtímis hafa konur tögl og haldir á heimilunum. Það tak hafa þær raunar hert. Það ber lítið á sanngirninni, mýktinni, skynseminni og friðsemdinni, sem Rauðsokkurnar lofuðu. Skynsamleg staðreyndaumræða er þeim ekki að skapi. Gagnrýni er þöggjuð niður.

Þöggunin á t.d. við um kynofbeldi kvenna gegn börnum og körlum, svo misnotkun gegn börnum yfirleitt. Svo virðist, sem hún fari vaxandi með aukningu heimila, þar sem móðir ein ræður ríkjum, sbr. rannsóknir í Bandaríkjunum fyrir árið 2022. Á slíkum heimilum er börnum hættast.

Konur hafa sóst mjög eftir þátttöku í stjórnámálum. Norski forsætisráðherrann og stjórnukvenfrelsarinn, Gro Harlem Brundtland (f. 1939), er dæmigerð í þessu sambandi. Hún þáði æðstu embætti hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni og situr nú í hópi mannkynsfrelsunarellismella, sem berst fyrir alheimsstjórn, m.a. í heilbrigðismálum. Það kemur ekki á óvart, að hún skuli stynja undan því, hversu erfitt sé að fá fólk til að hugsa réttar hugsanir.

Bandaríski rithöfundurinn, Julina Rose, segir um kynsystur sína og aðra Alheimsveldissinna: „Þráin til að rugla fólk í ríminu, ástunda spillingu og eyða mannkyni, er illgjörn fyrirætlun, sem einu sinni var dulin, en lýsir sér nú í djöfullegum lifnaði, sem er náskyldur lífsfjandsamlegum lífsreglum geðsjúklunga og stórmennskubrjalæðinga.“

Kvenfrelsunarhreyfingin gekk nefnilega í eina sæng með alþjóðaaauðvaldinu fyrir tæpri öld síðan, þáði fé úr hendi þess. Tryggðin við það er óbilandi, hvort heldur sem er í Alheimsefnahagsráðinu (World Economic Forum) eða hjá Sameinuðu þjóðunum. Hreyfingin stundar markvissa eyðileggingu á menningu, tungumáli, fjölskyldu, kyni, samskiptum kynjanna og þjóðveldinu.

Þrátt fyrir ógnarlega valdeflingu beita kvenfrelsarar óspart því valdi, sem felst í verndarhvöt karla og kyntöfrum þeirra sjálfra. Nýjasta dæmið í hæstu hæðum stjórnámálanna er Kamala Harris, forsetaframbjóðandi Lýðræðisflokksins (Demókrata) í Bandaríkjunum. Hún reið upp á topp í Kaliforníu. Það var stökkpallur hennar til Washington.

Þó hefur hún varla slegið við í tálsnilli sjálfri Valeria Messalina (17/20-48), keisaraynju Rómar. Sú er sögð hafa verið með brókarsótt á háu stigi, reið upp metorðastigann og gifti sig öðrum valdakarli, meðan hinn var á ferðalagi. Það er fátt nýtt undir sólinni í þessum efnum.

Leið Kamala á toppinn var sem sé ekki verðleikum stráð, frekar en Valeríu. Kynferði og táldráttur réði úrslitum. Það er eitt af afrekum kvenfrelsaranna að hafa – undir yfirskyni jafnréttis – náð að koma í gegnum þjóðþingin á Vesturlöndum löggjöf, sem tryggir þeim forréttindi á heimavelli, á opinberum vettvangi og í atvinnulífinu. Þær líta



þó enn á sig sem fórnarlömb. Það er vörumerki líkast. Kynofbeldi er trompið, sem aldrei bregst frekar en táldrátturinn.

Djöfladýrkun kvenfrelsara síðustu tvær aldirnar eða svo, hefur grópast í samfélagssáluna. Börnum er jafnvel kennd djöfladýrkun, sbr. „Litla djöfulinn,“ þáttaröð fyrir börn frá Disney. Sagan fjallar um Láru (Laura), sem Djöfullinn (Satan) gerir barn. Eftir fæðinguna reynir hann að öðlast yfir barninu forræði.

Kvenfrelsarar hafa raunar alltaf verið með kynlíf á heilanum. Sumum ofbauð reyndar fyrir heilli öld síðan. Wilma Meikle skrifaði um það heila bók, „Á leið til heilbrigðrar kvenfrelsunar“ (Towards a Sane Feminism), þegar árið 1917.

Það liggur við að tala megi um kvenfrelsunarsýki: „Vald mitt til að meiða karlmenn eykst með aukinni frægð [minni] og valdeflingu,“ segir kynþokkadísinn, Sharon Stone. Kate Blanchett segir „siðferðilegan áttavita“ sinn að finna í „skeiðinni“ (vagina). Whoopi Goldberg: Fóstrið er „eitraður hlutur.“

Gleymum heldur ekki íslenskri vansæld Ingibjargar Daggar og vinkvenna hennar: „Veruleiki kvenna er þessi. Kynbundið ofbeldi ógnar lífi þeirra og heilsu. ... Vondi karlinn á sér enga eina birtingarmynd, hann er alls staðar og hvergi og þú veist aldrei hvort eða hvenær þú mætir honum. Stundum þekkir þú hann bara af góðu einu þar til hann snýst gegn þér. Stundum laðar hann þig til sín og brýtur á þér.“

Ótalin er kynleysuhreyfingin, sem á rætur í kvenfrelsunarhugmyndafræði nítjándu aldar, þ.e. að hvorki sé til eiginlegt karl- eða kvenkyn heldur flotkyn. Þessi hugvilla er um það bil að verða þjóðtrú eins og trúin á karlillskuna. Hvort tveggja er kennt í skólum landsmanna. Og fólk spyr sig; hvað amar að blessuðum börnunum? Fen er oft fótum nær en hyggur.

Kvenfrelsunarhreyfingin styður einnig dyggilega áætlanir Alheimsefnahagsráðsins um tölvumennin eða mannlíkin (cyborg feminism). Líffræðingurinn og kvenfrelsarinn, Donna Haraway (f. 1944) skrifaði 1985 „Mannlíkjaávarpið“ (Cyborg Manifesto) eins og Valerie Solanas Kvenveldisávarpið áður, og Friedrich Engels og Karl Marx Kommúnistaávarpið þar á undan.

Kvenfrelsunarvísindamenn ríða röftum og hamast við að færa sönnur á illsku og kúgun karla. Niðurstöður þeirra eru nær ævinlega fyrir fram gefnar. Nokkrar undantekningar finnast þó. Lágkúra kvenfrelsunarvísinda kallast á við eynd og kreppu í veröld vísindanna. Karlvísindi eru ógild og karlar hafa spillt náttúrunni. Hvergi á Íslandi er umhverfisvernd (eco feminism) ofstækisfyllri en í kvenfrelsunarhreyfingum, sbr. VG.

Carrie Gress segir kvenfrelsara ástunda og stuðla að eittraðri kvenmennsku. Hún beinir orðum sínum til kynsysturanna:

„Það er kominn tími til þess að snúa heim: Snúa heim og umvefja börnin ástúð í stað þess að láta þau fyrir róða í líkamlegum (biologically) og tilfinningalegum skilningi. Snúa aftur til eiginkarla okkar og snúa bökum saman gegn sameiginlegum óvini í stað þess að gera þá að óvini. Og það er tímabært að rækta okkur sjálfar sem konur og mæður.“

Ætli Mary Chavelita Dunne (1859-1945) hafi haft rétt fyrir sér, þrátt fyrir allt: Kvenfrelsunarhreyfingin, sagði hún, „er bækluð (atrophied) skepna, haldin tilhneigingum til úrkynjunar og kynblöndunar.“

### **Lesefni og heimildir:**

Per Faxeld: Satanic Feminism

Carrie Gress: Anti-Mary Exposed: Rescuing the Culture from Toxic Femininity

Sandra M. Gilbert og Susan Gubar: The Madwoman in the Attic: The Woman Writer and the Nineteenth-Century Literary Imagination

Neil Lyndon: Sexual Impolitics: Heresises on Sex, Gender and Feminism

Silvia Guerini: From the 'Neutral' Body to the Postmodern Cyborg: A Critique of Gender Ideology

Mary Harrington: Feminism Against Progress

Donna Haraway: A Cyborg Manifesto: Science, Technology, and Socialist-Feminism in the Late 20<sup>th</sup> Century

End of Women. How Smashing the Patriarchy has Destroyed Us

<https://www.youtube.com/watch?v=Q9gis7-Jads>

<https://www.mfw.org.au/>

<https://www.youtube.com/watch?v=BjclKI1NyCU>

<https://archive.org/details/towardssanefemin00meikiala>

[https://www.statista.com/statistics/254893/child-abuse-in-the-us-by-perpetrator-relationship/?fbclid=IwY2xjawE-vRJleHRuA2FlbQIxMQABHT4\\_Sb9LJ6uwC5coXoD-sJ9DMCf1ppUMOpj8f7yjweANXAbA5JbKYStlw\\_aem\\_3cFdwAVt8qmqBOSWfqkne8ghtt](https://www.statista.com/statistics/254893/child-abuse-in-the-us-by-perpetrator-relationship/?fbclid=IwY2xjawE-vRJleHRuA2FlbQIxMQABHT4_Sb9LJ6uwC5coXoD-sJ9DMCf1ppUMOpj8f7yjweANXAbA5JbKYStlw_aem_3cFdwAVt8qmqBOSWfqkne8ghtt)

[ps://www.statista.com/statistics/254893/child-abuse-in-the-us-by-perpetrator-relationship/?fbclid=IwY2xjawE-vRJleHRuA2FlbQIxMQABHT4\\_Sb9LJ6uwC5coXoD-sJ9DMCf1ppUMOpj8f7yjweANXAbaA5JbKYStlw\\_aem\\_3cFdwAVt8qmBOSWfqkne8g](https://www.statista.com/statistics/254893/child-abuse-in-the-us-by-perpetrator-relationship/?fbclid=IwY2xjawE-vRJleHRuA2FlbQIxMQABHT4_Sb9LJ6uwC5coXoD-sJ9DMCf1ppUMOpj8f7yjweANXAbaA5JbKYStlw_aem_3cFdwAVt8qmBOSWfqkne8g)

[ps://www.statista.com/statistics/254893/child-abuse-in-the-us-by-perpetrator-relationship/?fbclid=IwY2xjawE-vRJleHRuA2FlbQIxMQABHT4\\_Sb9LJ6uwC5coXoD-sJ9DMCf1ppUMOpj8f7yjweANXAbaA5JbKYStlw\\_aem\\_3cFdwAVt8qmBOSWfqkne8g](https://www.statista.com/statistics/254893/child-abuse-in-the-us-by-perpetrator-relationship/?fbclid=IwY2xjawE-vRJleHRuA2FlbQIxMQABHT4_Sb9LJ6uwC5coXoD-sJ9DMCf1ppUMOpj8f7yjweANXAbaA5JbKYStlw_aem_3cFdwAVt8qmBOSWfqkne8g)

<https://archive.org/details/1985.-haraway-a-cyborg-manifesto.-science-technology-and-socialist-feminism/page/1/mode/2up>

<https://www.encyclopedia.com/women/encyclopedias-almanacs-transcripts-and-maps/fuller-margaret-1810-1850>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2304426/>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2304452/>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2304469/>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2304504/>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2267198/>

[https://menaregood.substack.com/p/dr-carrie-gress-on-feminism-destroying?utm\\_campaign=email-post&r=ry8jq&utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://menaregood.substack.com/p/dr-carrie-gress-on-feminism-destroying?utm_campaign=email-post&r=ry8jq&utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://fiamengofile.substack.com/p/the-empress-jenni-hermoso-has-no?utm\\_campaign=email-post&r=ry8jq&utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://fiamengofile.substack.com/p/the-empress-jenni-hermoso-has-no?utm_campaign=email-post&r=ry8jq&utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://www.nationalgeographic.com/history/history-magazine/article/messalina-sex-politics-power-ancient-rome-empress>

<https://rumble.com/v5cvoel-pfizer-insiders-admit-vaccinated-men-are-being-chemically-castrated.html>

<https://www.walksinsiderome.com/blog/messalina-the-empress-who-remarried-while-the-emperor-was-out-of-town/>

<https://www.globalresearch.ca/counteracting-cult-imposed-chaos/5865159>

<https://www.soulask.com/hell-fire-club-secret-society-sex-satanism-and-secret-societies/>

[The Fabian Society, Eugenics and the Historic Forces Behind Today's Systemic Breakdown \(substack.com\)](#)

[https://bettinaarndt.substack.com/p/women-and-wealth?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=448263&post\\_id=147649921&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://bettinaarndt.substack.com/p/women-and-wealth?utm_source=post-email-title&publication_id=448263&post_id=147649921&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

[https://steigan.no/2024/08/gro-harlem-brundtland-vil-ha-mer-global-sentralisme/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/08/gro-harlem-brundtland-vil-ha-mer-global-sentralisme/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://steigan.no/2018/12/brundtland-vi-er-i-ferd-med-a-miste-kontrollen-over-hva-folk-blir-fortalt/>

<https://www.womenshistory.org/education-resources/biographies/matilda-joslyn-gage>

<https://www.encyclopedia.com/people/history/historians-european-biographies/jules-michelet>

<https://www.dib.ie/biography/egerton-george-a2859>

<https://people.clas.ufl.edu/snod/files/EgertonIntroductionNB.072315.pdf>

<http://www.blavatskaja.de/biografie.html>

<https://archive.org/details/demonologyandde04conwgoog/page/n6/mode/2up>

<https://historycambridge.org/innovation/American%20Feminism.html>

<https://www.britannica.com/topic/Rosicrucians>

<https://www.youtube.com/watch?v=MLVF5dguw7U>  
<https://www.youtube.com/watch?v=MLVF5dguw7U>

[https://en.wikipedia.org/wiki/Fraternal\\_Society\\_of\\_Patriots\\_of\\_Both\\_Sexes](https://en.wikipedia.org/wiki/Fraternal_Society_of_Patriots_of_Both_Sexes)

[https://en.wikipedia.org/wiki/Olympe\\_de\\_Gouges-](https://en.wikipedia.org/wiki/Olympe_de_Gouges-)

<https://newint.org/features/1992/01/05/simply>

[https://en.wikipedia.org/wiki/Anna\\_Maria\\_van\\_Schurman](https://en.wikipedia.org/wiki/Anna_Maria_van_Schurman)

<https://glc.yale.edu/sites/default/files/files/anderson.pdf>

[https://en.wikipedia.org/wiki/Claire\\_D%C3%A9mar](https://en.wikipedia.org/wiki/Claire_D%C3%A9mar)

<https://www.encyclopedia.com/women/encyclopedias-almanacs-transcripts-and-maps/auclert-hubertine-1848-1914>

[https://en.wikipedia.org/wiki/Hubertine\\_Auclert](https://en.wikipedia.org/wiki/Hubertine_Auclert)

<https://www.encyclopedia.com/women/encyclopedias-almanacs-transcripts-and-maps/vesey-elizabeth-c-1715-1791>

[https://en.wikipedia.org/wiki/Martha\\_McWhirter](https://en.wikipedia.org/wiki/Martha_McWhirter)

[https://en.wikipedia.org/wiki/Womyn%27s\\_land](https://en.wikipedia.org/wiki/Womyn%27s_land)

<https://historycollection.com/16-facts-about-womyns-land-the-all-female-communes-that-offered-a-safe-haven-for-abused-women-and-feminism/>

[https://en.wikipedia.org/wiki/Woman%27s\\_Commonwealth](https://en.wikipedia.org/wiki/Woman%27s_Commonwealth)

<https://plato.stanford.edu/entries/transcendentalism/#SociPoliCrit>

<https://www.youtube.com/watch?v=suGHM0dEJ14>

<https://www.americamagazine.org/politics-society/2017/11/27/margaret-sanger-was-eugenicist-why-are-we-still-celebrating-her>

<https://www.britannica.com/biography/Helena-Blavatsky>

<https://worldhistoryedu.com/greek-god-dionysus/>

<https://people.howstuffworks.com/lilith.htm>

<https://www.lillyrivlin.com/Lilith-Ms.Magazine-Dec.1972.pdf>

<https://www.youtube.com/watch?v=7TUzoGah6t4>

<https://www.britannica.com/topic/Utopia-by-More>

<https://www.encyclopedia.com/people/history/french-history-biographies/charles-maurice-de-talleyrand>

<https://www.youtube.com/watch?v=lg9UqSaBlr4>

<https://www.rosicrucian.org/history>

<https://plato.stanford.edu/entries/godwin/>

[https://www.youtube.com/live/L\\_ZUDubTbAw](https://www.youtube.com/live/L_ZUDubTbAw)

<https://www.amazon.com/Occult-Feminism-Secret-History-Liberation/dp/B09NGXZKHB>

<https://www.youtube.com/live/jVev-rGZc2o>

<https://www.youtube.com/watch?v=Jppc5CZTaOs>

<https://www.youtube.com/live/O9cFuE3Jyj0>

<https://www.youtube.com/live/O9cFuE3Jyj0>

<https://www.youtube.com/live/ZJcmKEoc-Y8>

<https://medium.com/@robert.mulokwa/feminisms-shadowy-origins-a-look-at-the-occult-influences-a5eba528e7f8>

<https://www.bt.dk/udland/debat-raser-i-sverige-vil-forbyde-bryllupstradition-det-er-noget->

[https://fiamengofile.substack.com/p/yes-kamala-harris-slept-with-a-powerful?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=846515&post\\_id=148057402&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://fiamengofile.substack.com/p/yes-kamala-harris-slept-with-a-powerful?utm_source=post-email-title&publication_id=846515&post_id=148057402&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)